

NYTJASTOFNAR SJÁVAR OG UMHVERFISÞÆTTIR 1988

AFLAHORFUR 1989

State of marine stocks and environmental conditions in Icelandic waters 1988

Fishing prospects 1989

Reykjavík, júlí 1988

Efnisyfirlit Contents

Formáli.....	bls.	iii
I. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland (<i>Environmental conditions in Icelandic waters</i>)	bls.	1
II. Ástand nytjastofna (<i>State of marine stocks</i>).....	bls.	6
1. Þorskur (<i>Cod</i>).....	bls.	6
2. Ysa (<i>Haddock</i>)	bls.	12
3. Ufsi (<i>Saithe</i>).....	bls.	15
4. Karfi (<i>Redfish</i>)	bls.	18
5. Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	bls.	22
6. Steinbítur (<i>Wolffish</i>).....	bls.	25
7. Skarkoli (<i>Plaice</i>).....	bls.	25
8. Blálanga (<i>Blue ling</i>)	bls.	26
9. Langa (<i>Ling</i>)	bls.	27
10. Keila (<i>Tusk</i>).....	bls.	27
11. Hrognkelsi (<i>Lumpsucker</i>)	bls.	28
12. Síld (<i>Herring</i>)	bls.	30
13. Loðna (<i>Capelin</i>)	bls.	34
14. Kolmunni (<i>Blue whiting</i>)	bls.	37
15. Humar (<i>Nephrops</i>).....	bls.	40
16. Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	bls.	43
17. Rækja (<i>Pandalus</i>)	bls.	44
18. Hvalir (<i>Whales</i>)	bls.	48
19. Selir (<i>Seals</i>).....	bls.	52
III. Aflatöflur (<i>Catch tables</i>).....	bls.	53
IV. Aðrar töflur (<i>Other tables</i>)	bls.	72
V. Ágrip (<i>Summary</i>)	bls.	120
VI. <i>English summary</i>	bls.	123

Formáli

Í annað sinn leggur Hafrannsóknastofnun fram skýrslu um ástand nytjastofna og aflahorfur mun fyrr á árinu en áður var venja og birtir hana í ritröðinni Fjölrit Hafrannsóknastofnunar. Tilgangurinn með því að flýta skýrslunni er einkum að stjórnvöld og fulltrúar sjávarútvegsins fái betri tíma til að móta fiskveiðistefnu á grundvelli þeirra tillagna sem hér eru bornar fram.

Helstu ókostir þess að ganga frá skýrslu sem þessari um mitt ár eru þeir að áætla verður sumarveiðar sem oft skipta miklu og eins hitt að mikil rannsóknastarfsemi til að afla gagna vegna veiðiráðgjafar varðandi ýmsar tegundir fer fram að sumar- og haustlagi. Eins og getið var í upphafi kom samsvarandi skýrsla út í júnímánuði í fyrra. Enda þótt veiðiráðgjöf varðandi nokkrar tegundir (einkum rækja, hörpudiskur og loðna) hafi orðið og verði enn að bíða haustsins teljum við að þetta fyrirkomulag hafi gefið góða raun og halda beri áfram á sömu braut.

Þessi skýrsla um ástand nytjastofna er í aðalatriðum unnin á sama hátt og gert hefur verið á undanförunum árum. Skýrslan skiptist í tvo megin kafla sem fjalla um umhverfispætti og breytingar á þeim annars vegar og ástand nytjastofna hins vegar. Reynt er að gera grein fyrir þróun nytjastofna og aflahorfum allt fram til ársins 1990-1991. Ágrip fylgir bæði á íslensku og ensku. Aftast eru töflur um afla hinna ýmsu tegunda seinustu áratugina og loks ítarlegri töflur en áður hafa fylgt um breytingar á meðalþyngd, kynþroska, aldursdreifingu, stofnstærð og veiðidánartölum í nokkrum helstu nytjastofnunum.

Fyrst er fjallað um ástand sjávar, plöntusvif og átu á árinu 1988 og er það borið saman við fyrri ár. Það voru einkum Svend-Aage Malmberg, Stefán S. Kristmannsson, Kristinn Guðmundsson, Þórunn Þórðardóttir og Ólafur S. Ástþórsson sem önnuðust þennan kafla skýrslunnar. Að öðru leyti annaðist sérstök verkefnisstjórn ásamt viðkomandi sérfræðingum úttekt á hinum ýmsu nytjastofnum. Í verkefnisstjórn Hafrannsóknastofnunar um fiskveiðiráðgjöf eiga sæti Sigfús A. Schopka, verkefnisstjóri, Björn Æ. Steinarsson, Gunnar Stefánsson, Hrafnkell Eiríksson og Ólafur K. Pálsson. Auk þessara manna hafa eftirtaldir sérfræðingar unnið að skýrslunni: Einar Jónsson (ýsa), Jakob Magnússon (karfi), Viðar Helgasson (grálúða, skarkoli), Gunnar Jónsson (steinbítur), Vilhelmína Vilhelmsdóttir (blálanga, langa, keila), Vilhjálmur Þorsteinsson (hrognkelsi), Jakob Jakobsson (síld), Hjálmar Vilhjálmsson (loðna), Sveinn Sveinbjörnsson (kolmunni), Unnur Skúladóttir (rækja), Jóhann Sigurjónsson (hvalir) og Erlingur Hauksson (selir).

Ásta Guðmundsdóttir, Eiríkur Þ. Einarsson og Hjálmar Vilhjálmsson önnuðust uppsetningu og frágang skýrslunnar og lásu yfir texta.


Reykjavík, 24. júlí 1988

Jakob Jakobsson

I. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland

Árferðið í sjónum við Ísland hefur einkum verið metið af gögnum sem safnað er í vorleiðangri ár hvert. Í þeim leiðangri er farið um miðin allt í kringum landið til athugana á almennu ástandi sjávar, gróðri og átu. Áhersla er lögð á sambærilega gagnasöfnun frá ári til árs til að fylgjast megi með breytingum sem kunna að verða bæði í hlýja og kalda sjónum við landið. Flókið samspil margra mismunandi umhverfisþátta hefur áhrif ofar í fæðukeðjunni svo sem á vöxt og viðgang nytjastofna á Íslandsmiðum. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um árferðið í sjónum við Ísland vorið 1988, en einnig um tengslin við fyrri ár á mismunandi árstímum.

HITASTIGSFRAVIK Á SIGLUNESSNIÐI



1. mynd. Frávik meðalhitastigs í sjónum norðan Sigluness að vori 1952-1988 frá meðaltali árána 1961-1980.

Fig. 1. Deviations 1952-1988 from 1961-1980 mean in temperature at Siglunes section.


Sem kunnugt er einkenndist árferðið í sjónum við Ísland á árunum 1981-1983, einkum norðanlands, af svokölluðum svalsjó og gætti neikvæðra áhrifa hans bæði á viðgang og vöxt nytjastofna. Í árslok 1983 og allt til og með ársins 1987 einkenndist árferðið svo af hlýindum og innstreymi hlýsjávar á norðurmið, nær óslitið allan ársins hring. Eigi að síður voru áhrif hlýsjávarins 1984-1987 ekki alveg jafn mikil og almennt var fyrir ísárin svonefndu 1965-1971 (1. og 2. mynd).

Auk þess hefur ástand sjávar fyrir vestanverðu Norðurlandi stundum einkennt af aðstreymi pólsjávar og ísreki, eins og bæði 1984 og 1986, sem jafnframt kældi yfirborðslög austur með Norðurlandi án þess þó að það væri nálægt því eins afdrifaríkt og hafísárin 1965-1971, 1975 og 1979.

Helstu niðurstöður vorleiðangurs 1988 voru þessar:

Fyrir Vesturlandi og Vestfjörðum var hlýsjórinn (3. mynd) vel í meðallagi heitur ($5-7^{\circ}$) og næringarefnaríkur. Um miðjan maí var lítill þörungagróður fyrir vestan landið nema í Faxaflóa og fyrir Vestfjörðum (4. mynd) en hafði tekið við sér af fullum krafti í lok leiðangursins um mánaðamótin maí-júní. Áta var yfirleitt lítil á vestursvæðinu (5. mynd).


SELTUFRÁVIK Á SIGLUNESSNIDI



2. mynd. Frávik meðalseltu í sjónum norðan Sigluness að vori 1952-1988 frá meðaltali áráanna 1961-1980.


Fig. 2. Deviations 1952-1988 from 1961-1980 mean in salinity at Siglunes section.

Hlýsjávar gætti að þessu sinni ekki fyrir Norðurlandi, frá Húnaflóa og austur um, heldur var þar pólsjór í kjölfar íssins á liðnum vetri með hitastigi um 1-3°. Þetta er mikil breyting frá því sem var á hlýja tímabilinu 1984-1987. Köfnunarefni var í lágmarki í yfirborðslögum á landgrunnssvæðinu og gróður lítill (4. og 6. mynd), sem sýnir að vorhámark gróðurs var yfirstaðið. Áta var óvenju lítil á norðurmíðum (5. og 7. mynd), og því virðist gróðurinn ekki hafa skilað sér til hennar.




3. mynd. Hitastig í sjónum við Ísland á 50 m dýpi vorið 1988.

Fig. 3. Temperature at 50 m in Icelandic waters in spring 1988.



4. mynd. Frumframleiðni plöntusvífs á 10 m dýpi í sjónum við Ísland vorið 1988 ($\text{mg kolefni m}^{-3} \text{ klst.}^{-1}$).


Fig. 4. Primary production ($\text{mg C m}^{-3} \text{ h}^{-1}$) at 10 m in Icelandic waters in spring 1988.



5. mynd. Útbreiðsla átu í yfirborðslögum vorið 1988.

Fig. 5. Zooplankton distribution ($\text{ml}/21 \text{ m}^3$, Hensen net 50-0 m) in Icelandic waters in spring 1988.

SIGLUNES




6. mynd. Meðalfrumframleiðni plöntusvifs á 10m dýpi norðan Sigluness vorin 1970-1988.

Fig. 6. Mean primary production (mg C m⁻³ h⁻¹) at 10m at Siglunes section in spring 1970-1988.

Í hinum kalda Austur-Íslandsstraumi djúpt undan Norðurlandi var sjávarhiti lágur eða 0° og lægri. Töluverður gróður var við landgrunnsbrúnina en minni utar. Næringarefni voru yfirleitt fremur lítil í yfirborðslögum nema dýpst, en aftur á móti var svæðið ríkt af pólsjavarátu að venju. Seltan í Austur-Íslandsstraumnum var á mörkum þess að hann gæti borið hafis án þess að ísinn bráðnaði (um 34.70 ‰). Í samræmi við það var ísinn fjarri landinu vorið 1988 þrátt fyrir nálægð hans á undangengnum vetri.

SIGLUNES




7. mynd. Breytingar á átumagni í sjónum norðan Sigluness vorin 1958-1988.

Fig. 7. Variations in zooplankton density (ml/21m³, Hensen net 50-0 m) at Siglunes section in spring 1958-1988.

Fyrir Norðaustur- og Austurlandi var hitastig lágt eða 1-2°, gróður var töluverður og lítið af næringarsöltum og átu. Djúpt út af Austfjörðum, á Rauðatorginu, gætti hlýsjávar að sunnan (2-5°) en þó í minna mæli heldur en á undanförunum árum. Þar var töluverður gróður en lítil áta.

LÁTRASNIÐ, STÖÐVAR 2+3



8. mynd. Styrkur strandstraums vorin 1956-1988, metinn sem þykkt ferskvatns á tveimur stöðum vestur af Látrabjargi.

Fig. 8. Equivalent freshwater thickness, in spring 1956-1987 at two stations on Látrasection west of Iceland.

Í hlýja sjónum við suðurströndina var hitastig 7-8°. Töluverður gróður var meðfram landinu og mest á Selvogsbanka. Áta var lítil á svæðinu nema næst ströndinni. Ferskvatnsáhrif frá landi voru lítil og flæði ferskvatns gætti lítið vestur með landinu (8. mynd). Eins og áður sagði hafði gróður tekið við sér af fullum krafti fyrir Vesturlandi um mánaðamótin maí-júní sbr. 4. mynd, enda sjór orðinn lagskiptur og upphitun um 0.5-1° við yfirborð.

Í heild sýndu niðurstöður vorleiðangurs 1988 ágætt ástand sjávar í hlýja sjónum fyrir Suður- og Vesturlandi. Framvinda gróðurs var svipuð því sem gerist í meðalári en áta langt undir meðallagi. Mikil breyting hafði orðið á norður- og austurmiðum frá því sem var í undangengnu góðæri (1984-1987). Mælingar á þeim slóðum sýndu aðstæður sem svipar til köldu árunna hér við land, þ.e. 1975, 1977, 1979 og 1981-1983, sem þó voru ekki eins köld og hafísárin 1965-1971. Þessa gætti ekki eingöngu hvað varðar hita og seltu sjávarins (1. og 2. mynd) heldur einnig þörungamagn (4. og 6. mynd) og átudreifingu (5. og 7. mynd) á norðurmiðum, sem var í lágmarki vorið 1988 eins og flest köldu árin. Þessar niðurstöður vorleiðangurs 1988 eru einnig í samræmi við ástand sjávar og útbreiðslu hafíss í febrúar, sem þá þegar benti til breytinga frá árunum á undan.

Þess ber að geta að vorleiðangur 1988 var farinn um tveimur vikum fyrr en venjulega og ber að skoða niðurstöður í því ljósi. Þannig mun hlýna í yfirborðslögum sjávar þegar líður á sumarið og einnig má vera að rannsóknirnar hafi verið gerðar áður en voraukning átu átti sér stað. Þess er þó vart að vænta að megin niðurstöður úr vorleiðangri 1988 um kalt vor í sjónum fyrir Norður- og Austurlandi breytist frá því sem að ofan segir.


Lítill áhrif ferskvatnsrennslis við Suður- og Vesturland og kaldur sjór á norðurmiðum kunna að hefta rek seiða og afkomu þeirra seinna í sumar. Þetta verður að venju kannað nánar í seiða- og sjórannsóknaleiðangri í ágúst 1988.

II. Ástand nytjastofna

1. Þorskur

1.1. Afli, sókn og árgangaskipan í veiðinni 1988

Þorskaflinn á tímabilinu janúar-maí 1988 var svipaður og sömu mánuði 1987 um 181 þús. tonn. Þorskaflni bátaflotans minnkaði úr 106 þúsund tonnum á tímabilinu janúar-maí 1987 í 88 þúsund tonn sömu mánuði 1988 en togarafli jókst að sama skapi. Ástæður minni bátaafli á nýliðinni vetrarvertíð má fyrst og fremst rekja til minni fiskgengdar á suðvesturmiðum og ekki síst á Breiðafirði, en þar brást vertíðin að mestu að þessu sinni. Þorskaflni og veiðidánartölur frá 1963 eru sýndar á 9. mynd og aflinn allt frá 1950 í töflu 20.1.



9. mynd. ÞORSKUR. Heildaraflni árin 1963-1988 og meðal-veiðidánartala 7-11 ára þorsks sama tímabil.


Fig. 9. COD. Total landings 1963-1988 (upper line) and F_{7-11} during the same period.

Á vetrarvertíð suðvestanlands dreifðist aflinn á 4-8 ára þorsk. Mest var hlutdeild 5 ára þorsks (árgangur 1983), 29% af fjölda en 19% af þyngd. Hlutdeild 8 ára þorsks (árgangur 1980) var þó mest miðað við þyngd (24%) en miðað við fjölda var hann þriðji í röðinni (15%). Næst algengastur í vertíðaraflanum var fjögurra ára þorskur (árgangur 1984), 16% miðað við fjölda en aðeins um 7% miðað við þyngd. Hlutdeild 6 og 7 ára þorsks var 15% og 13% miðað við fjölda. Hlutdeild 9 ára og eldri fisks var sáralítill eða innan við 9% af fjölda samtals.

Á uppvaxtarsvæðum þorsksins á norðvestur- norður- og austurmiðum byggðist veiðin fyrstu fimm mánuði ársins að hálfu á árgangi 1983 í fjölda en hlutdeild 1984 árgangs var 30%. Þessir tveir árgangar voru því um 80% aflans á þessu tímabili. Framan af vetri var mikið af smáþorski í afla togara á Austfjarðamiðum og var oft gripið til skyndilokana af þeim sökum. Hlutdeild árgangs 1980 á norðurmiðum hefur minnkað úr 13% 1987 í 5% 1988.

Undanfarin 11 ár hefur verið samband milli þorskafla fyrstu 5 mánuði ársins og heildarafla sama árs. Það var notað til að áætla heildarveiðina 1988 svo og afla eftir aldri. Þessi aðferð var einnig notuð tvö s.l. ár og hefur gefist vel. Samkvæmt þessum reikningum er gert ráð fyrir að þorskaflinn verði um 360 þús. tonn og aflinn eftir aldri (miðað við fjölda) skiptist eins og sýnt er á 10. mynd. Þar kemur fram að langmest veiðist af 5 ára fiski (árgangur 1983).


Skipting þorskaflans eftir aldri á árunum 1969-1987 er sýnd í töflu 21.3.



10. mynd. ÞORSKUR.
Áætlaður landaður afli í
fjöldu (milljónir) árið 1988.

Fig. 10. COD. Estimated
numbers landed (in millions)
in 1988.

Gert er ráð fyrir að þrír af hverjum fjórum fiskum sem veiðast 1988 verði 4 eða 5 ára þorskur (árgangar 1984 og 1983). Fari afli fram úr 360 þús. tonnum á árinu 1988 mun það fyrst og fremst verða til þess að hlutfall smáfisks í afla eykst enn frá því sem gert er ráð fyrir. Þetta er í góðu samræmi við spána sem gerð var í júní 1987. Eins og sýnt er á 11. mynd er sókn í þorskstofninn langt umfram það sem gefur hámarksnýtingu. Veiðidánartölur allt frá 1969 eru sýndar í töflu 21.5.



11. mynd. ÞORSKUR.
Afrakstur á 3 ára nýliða
miðað við mismunandi sókn
(veiðidánartölu).

Fig. 11. COD. Yield per 3
year old recruit.

1.2. Vöxtur og kynþroski

Á árunum 1981 til 1983 var meðalþyngd þorsks eftir aldri lítil en fór aftur vaxandi á árunum 1984 til 1985. Meðalþyngd á síðasta ári var mjög svipuð og árin 1985 og 1986 en tölur um meðalþyngd fyrstu fimm mánuði þessa árs benda til þess að meðalþyngdin fari nú aftur minnkandi.


Kynþroski eftir aldri hefur breyst á sama hátt og meðalþyngd eftir aldri. Hlutfall kynþroska eftir aldri var svipað árin 1985-1987. Tímabilið janúar-maí 1988 hefur hlutfall kynþroska farið lækkandi miðað við sama tímabil árið 1987.

Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri eru sýnd í töflum 21.1 og 21.2.

1.3. Nýliðun

Nýliðun uppvaxandi þorskárganga er metin með þremur mismunandi aðferðum: Svonefnd V.P. greining (aldurs-afla aðferð) gefur nokkrar upplýsingar um árgangastyrk fjögurra ára fisks, en litlar sem engar um yngri fisk. Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum og fyrri nýliðunarrannsóknir gefa helstu vísbendingar um styrk uppvaxandi árganga. Ennfremur hafa upplýsingar úr aflaskýrslum togara í mars 1974-87 verið notaðar til að meta styrk fjögurra ára fisks. Niðurstöður fyrrgreindra rannsókna varðandi þorskárganga 1984 til 1987 eru þessar:

- Árgangur 1984 er talinn sterkur eða um 300 milljónir nýliða. Þetta er óbreytt mat á stærð árgangsins frá síðustu skýrslu.
- Árgangur 1985 er talinn vera í meðallagi og er það óbreytt mat frá því í síðustu skýrslu.
- Árgangar 1986 og 1987 eru taldir vera mjög lélegir eða um 140 milljónir nýliða. Þessir árgangar virðast því sambærilegir við árgang 1982, en hann er talinn lakasti árgangur sem fram hefur komið síðustu þrjá áratuginna.




12. mynd. ÞORSKUR.
Stærð þorskárganganna
1960-1987. Fjöldi við 3 ára
aldur (í milljónum).

Fig. 12. COD. Year classes
1960-1987 at age 3 (in
millions).

Í heild virðast mikil umskipti hafa orðið í nýliðun þorsks síðustu árin, frá tveimur sterkum árgöngum 1983 og 1984 yfir í tvo mjög rýra árganga 1986 og 1987. Fjöldi 3 ára nýliða allt frá 1960 er sýndur á 12. mynd.

1.4. Ástand stofnsins

Samkvæmt nýrri úttekt er veiðistofninn (fjögurra ára þorskur og eldri) talinn hafa verið 1.130 þús. tonn við upphaf ársins 1988 (13. mynd). Þetta er áþekk niðurstaða og í júní 1987 (1.160 þús. tonn, Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 11). Nú er hins vegar gert ráð fyrir að hrygningarstofninn hafi verið 310 þús. tonn í ársbyrjun 1988 í stað 360 þús. tonna í síðustu skýrslu.



13. mynd. ÞORSKUR. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1963-1988 í þúsundum tonna.

Fig. 13. COD. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1963-1988 (thousand tonnes).

Við núverandi úttekt á stærð þorskstofnsins var eins og undanfarið stuðst við aflskýrslur togara. Fundinn var meðalafli á togtíma fyrir Norðurlandi í marsmánuði og sá afli greindur eftir aldursflokkum samkvæmt sýnum. Sambandið á milli þess afla á togtíma og stofnstærðar samkvæmt aldurs-afla aðferð var ásamt tölfræðilegu tímaraðalíkani (sjávarútvegslíkani) og niðurstöðum úr stofnmælingu botnfiska frá mars 1988 notað til þess að meta stærð stofnsins 1988. Stærð þorskstofnsins í fjölda eftir aldri ásamt þyngd veiði- og hrygningarstofns á árunum 1969-1988 er sýnd í töflu 21.4.

Þótt árlega endurheimtist hér fáeinir þorskar sem merktir hafa verið við Grænland, er ekki gert ráð fyrir neinum göngum þaðan, enda hafa þorskstofnar þar og þorskveiðar verið í algjöru lágmarki nokkur undanfarin ár. Við Grænland er nú mikið af fjögurra ára þorski (árgangur 1984) að vaxa upp en hann er að mestu kominn þangað frá Íslandi. Gangna af þeim árgangi er þó ekki að vænta á Íslandsmið fyrr eftir 1990.

1.5. Horfur og tillögur um hámarksafli 1989

Gert er ráð fyrir að afli ársins 1988 verði 360 þús. tonn. Veiðistofn í ársbyrjun 1989 verður tæp 1.100 þús. tonn og hrygningarstofn 310 þús. tonn (tafla 1). Meðalþyngd hefur lækkað um 4% árið 1988 miðað við árið 1987 og er gert ráð fyrir því að meðalþyngd eftir aldri verði 5%

lægri árin 1989-1991 en árið 1988.

Eins og fram kemur í kaflanum um nýliðun í þorsstofninn er í framreikningum gert ráð fyrir að árgangarnir frá 1983 og 1984 séu báðir sterkir (322 og 300 millj. þriggja ára nýliða). Miðað við þær forsendur eru áhrif mismunandi afla á áætlaða stærð þorsstofnsins 1989 til 1991 eins og fram kemur í töflu 1.

TAFLA 1
Þorskur. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins
(þús. tonn) árin 1989-1990.

Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1989-1990.

1988					1989			1990		
Stofn 4 ⁺ Stock 4 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Afli Catch	Veiðiráðgjöf 1989-1990 Aflahámark TAC	Stofn 4 ⁺ Stock 4 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 4 ⁺ Stock 4 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾
1130	310	0,74	360	400	1090	310	0,88	940	330	0,97
				350			0,74	1000	360	0,73
				300			0,61	1060	390	0,55
				250			0,49	1120	425	0,41


F = Veiðidánartala (7-11 ára þorsks).

F = Fishing mortality of age groups 7-11.

Ef veidd verða 400 þús. tonn árið 1989 mun veiðistofninn minnka úr tæpum 1.100 þús. tonnum í ársbyrjun 1989 í 940 þús. tonn í ársbyrjun 1990 og hrygningarstofn mun nánast standa í stað. Veiðidánarstuðlar munu haldast háir og árgangar endast illa enda afli 37-43% af stofnstærð. Verði aflinn árið 1989 takmarkaður við 350 þús. tonn, sem er lítið eitt minna en gert er ráð fyrir að veiðist á yfirstandandi ári, mun veiðistofn minnka um 100 þús. tonn en hrygningarstofn vaxa lítið eitt. Þetta þýðir að þær vertíðir sem framundan eru verða lélegar eins og að undanfögnu. Með þessari fiskveiðistefnu mun veiðidánarstuðull standa í stað. Við 300 þús. tonna afla á ári mun veiðistofn standa sem næst í stað. Hrygningarstofn mun hins vegar vaxa um 80 þús. tonn. Þá munu veiðidánarstuðlar lækka nokkuð á næstu árum. Fjórði kosturinn, 250 þús. tonna afli á ári, yrði til þess að veiðistofn mundi vaxa lítið eitt næstu árin og hrygningarstofn talsvert. Þá mundi fiskgengd væntanlega aukast á vertíðarsvæðinu suðvestanlands.

Á síðustu árum hefur þorsstofninn búið við hagstæð lífsskilyrði. Á þessu og síðastliðnu ári (1987 og 1988) hafa tveir stórir árgangar bæst í veiðistofninn. Nýting þorsstofnsins undanfarin ár hefur þó verið með þeim hætti að ársaflinn hefur verið 35-40% veiðistofns (fjögurra ára fiskur og eldri). Svo hörð sókn leiðir óhjákvæmilega til þess að árgangar eru fá ár í veiðinni og aflinn byggist fyrst og fremst á 3-6 ára fiski en mjög lítið er um fisk sem er eldri en 8 ára (14. mynd). Í tveim síðustu skýrslum Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna var á það bent að nú væri lag til að breyta nýtingu þorsstofnsins á þann hátt að fiskgengd ykist á vertíðarsvæðinu þar sem elsti og þyngsti þorskurinn veiðist. Nú verður ekki betur séð en það tækifæri sem við eygðum í fyrra og hitteðfyrra hafi gengið okkur úr greipum þar sem lélegir árgangar frá 1986 og 1987 eru væntanlegir í stofninn á næstu árum.

Af framansögðu má ljóst vera að ef þorsstofninn á ekki að fara minnkandi má afli ekki fara yfir 300 þús. tonn árin 1989 og 1990.



14. mynd. ÞORSKUR. Spá um aldursdreifingu í aflanum 1989.

Fig. 14. COD. Prognosis of age distribution of the 1989 catch.

Við Vestur Grænland er nú að vaxa upp mjög stór árgangur þorsks frá 1984. Seiði af þessum árgangi rak héðan í verulegum mæli til Grænlands. Samkvæmt fyrri reynslu hafa stórir árgangar, sem alist hafa upp við Grænland og eru að hluta til komnir úr klakinu við Ísland, gengið að einhverju leyti aftur á Íslandsmið er þeir hafa orðið kynþroska. Þetta gerðist árið 1963 en þá rak seiði frá Íslandi yfir að Grænlandsströndum. Árgangurinn frá 1963 gekk í ríku mæli til Íslands árin 1970 og 1971. Sagan endurtók sig árið 1973 en þá fundust seiði úr klakinu við Ísland við Austur Grænland og ári síðar einnig við Vestur Grænland. Þorskur af árgangi 1973 gekk svo í verulegum mæli til hrygningar við Ísland árin 1980 og 1981. Bæði göngurnar í kringum 1970 og 1980 höfðu veruleg áhrif á aflabrögð á vertíðinni suðvestanlands. Ætla má að árgangurinn frá 1984 muni ganga til hrygningar á Íslandsmið jafnvel að einhverju leyti árið 1990 en aðallega árin 1991 og 1992. Enn sem komið er, er ekki unnt að segja fyrir um í hve miklum mæli þessi árgangur mun leita á Íslandsmið, þar sem stærð hans er ekki með öllu þekkt og enn fremur ekki vitað með neinni vissu hver þróun veiðanna verður við Grænland á næstunni. Í ljósi þessa er þróunin á stærð þorskstofnsins ekki framreiknuð lengra en til 1990.

1.6. Viðmiðunarmörk í þorskveiðum

Markmið veiðieftirlits er að halda sókn í fjögurra ára þorsk og yngri í skefjum með því að loka smáfisksvæðum um lengri eða skemmri tíma. Skyndilokun svæða vegna smáfisks byggist á viðmiðunarmörkum. Þau eru saman sett af hlutfallsmörkum og lengdarmörkum. Hlutfallsmörk segja til um leyfilegt hámarkshlutfall fiska undir lengdarmörkum í afla fiskiskipa. Lengdarmörk aðgreina hins vegar fjögurra ára fisk og yngri frá eldri hluta stofnsins.

Viðmiðunarárgangur ársins 1989, árgangur 1985, er talinn í meðallagi eða um 220 milljónir þriggja ára nýliða. Í aldursdreifingu aflans á árinu 1989 er gert ráð fyrir að 24% landsaðs afla (fjöldi fiska) verði af þessum árgangi og rúm 2% af árgangi 1986. Enn fremur er

gert ráð fyrir að um 10% árgangs 1984 (4.3 milljónir fiska) verði undir 55 cm að lengd.

Lengdarmörk viðmiðunarárgangs, eins og þau verða á miðju ári 1989, eru reiknuð út frá vexti hans 1986-88. Á þeim tíma, þ.e. frá mars 1986 til mars 1988, hafa lengdarmörk vaxið úr 16 cm upp í 41 cm. Gert er ráð fyrir að lengdarmörk vaxi í um það bil 57 cm fram á mitt ár 1987. Helmingur fiska af þessari stærð tilheyrir þá árgangi 1985 en hinn helmingurinn eldri árgöngum.

Síðustu ár hafa lengdarmörk verið 55 cm og þykir eðlilegt að svo verði áfram. Til mótvægis við lækkun frá reiknuðum lengdarmörkum er þó óhjákvæmilegt að lækka hlutfallsmörk jafnframt í sem næst sama hlutfall eða um 15%.


Því er lagt til að viðmiðunarmörk fyrir árið 1989 verði 25% undir 55 cm og gildi þau allt árið.

Samkvæmt þessu verður gripið til aðgerða vegna smáborsks í afla þegar hlutfall fiska undir 55 cm er hærra en 25% í mælingum veiðieftirlitsmanna.


2. Ysa

2.1. Aflabrögð 1987 og 1988

Ysuaflinn á árinu 1987 varð um 40 þús. tonn eða um 10 þús. tonnum minni en lagt hafði verið til sem hámarksafl. Ysuaflinn á árunum 1969-1987 er sýndur á 15. mynd og allt frá 1950 í töflu 20.2.



Á árinu 1987 var aflfi togara á sóknareiningu svipaður og árið á undan. Þar sem stærð veiðistofnsins er óbreytt frá 1986 hefur sókn í ýsu á árinu 1987 minnkað og nálgast hámarksnýtingu (16. mynd). Fyrstu 5 mánuði ársins 1988 jókst ysuaflinn um 17% miðað við sama tímabil árið áður. Uppistaða aflans er ýsa af árganginum 1984 og er gert ráð fyrir að hann komi frekar inn í veiðina er líður á árið. Skipting ysuaflans í fjölda eftir aldri á árunum 1969-1987 er sýnd í töflu 21.8 og veiðidánartölur í töflu 21.10.




16. mynd. YSA. Afrakstur á 2 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 16. HADDOCK. Yield per 2 year old recruit.

2.2. Ástand stofnsins, nýliðun og vöxtur

Veiðistofninn, þ.e. fjögurra ára fiskur og eldri, er nú áætlaður 205 þús. tonn og hrygningarstofninn 155 þús. tonn í ársbyrjun 1988 (17. mynd). Í fyrri úttekt voru þessar tölur 205 og 125 þús. tonn. Stærð ýsustofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd hrygningarstofnsins á árunum 1969-1987 er sýnd í töflu 21.9.




17. mynd. YSA. Stærð veiðistofns (4 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1969-1988.

Fig. 17. HADDOCK. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1969-1988 (thousand tonnes).

Í leiðangri til stofnmælingar botnfiska í mars 1986 og 1987 voru árgangarnir frá 1984 og 1985 mjög áberandi. Í síðustu úttekt var stærð þeirra metin 80 og 180 milljónir tveggja ára fisks en meðalárgangur telst 56 milljónir. Í hliðstæðum stofnmælingarleiðangri, sem farinn var í mars 1988 eru þessir árgangar enn sterkir, en 1985 árgangurinn kom ekki eins vel fram

og í fyrri stofnmælingarleiðöngrum. Hann hefur því verið endurmetinn og er nú talinn af svipaðri stærð og 1984 árgangurinn eða um 110 milljónir tveggja ára nýliðar (18. mynd). Eldri árgangar veiðistofnsins eru allir undir meðallagi og þar á meðal árgangurinn frá 1979 sem er sá minnsti sem sést hefur í áratugi. Meðalþyngd eftir aldri árið 1987 er heldur meiri en 1986 nema á fjögurra ára ýsu. Við stofnstærðarútreikninga fyrir árið 1987 eru notuð meðalgildi frá 1986.



18. mynd. YSA. Stærð ýsuárganganna 1969-1987. Fjöldi við 2 ára aldur (í milljónum).

Fig. 18. HADDOCK. Year classes 1969-1987 at age 2 (in millions).

TAFLA 2

Ysa. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn) 1989-1991.

Haddock. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1989-1991.

1988				1989				1990				1991	
Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹	Afli	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹	Afli	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹	Afli	Stofn 4+	Hrygn.-stofn
Stock 4+	Spawning stock		Catch	Stock 4+	Spawning stock		Catch	Stock 4+	Spawning stock		Catch	Stock 4+	Spawning stock
205	155	0,53	60	60	265	155	0,37	60	265	180	0,30	250	185
				60				70			0,37	240	175
				70		0,45		70	255	170	0,39	225	165
				70				80		0,46		215	160

F = Veiðidánartala (4-7 ára ýsu).

F = Fishing mortality of age groups 4-7.

Í framreikningum fyrir árin 1989 og 1991 er notuð meðalþyngd eftir aldri frá árunum 1985-1987. Kynþroski eftir aldri hefur breyst á sama hátt og meðalþyngdin. Hlutfall kynþroska eftir aldri er þannig nokkru hærra 1987 en árið áður. Kynþroskahlutfall eftir aldri frá 1985-1987 er notað við framreikning á hrygningarstofni árin 1988-1991.

Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri eru sýnd í töflum 21.6 og 21.7.

2.3. Tillögur um hámarksafli 1988

Framreikningar á stærð ýsustofnsins fyrir árin 1989-1991 miðað við mismunandi ársafla (tafla 2) eru byggðir á áðurnefndum forsendum um árgangastærð, þyngd og nýliðun. Gert er ráð fyrir að ýsaafliinn árið 1988 verði 60 þúsund tonn eins og úthlutað var. Miðað við þróun veiðanna á þessu ári er óvíst að þessi afli náist.


Veiðistofn ýsu er áætlaður 205 þús. tonn í upphafi árs 1988. Þar sem tveir góðir árgangar eru nú í uppvexti mun veiðistofn verða 265 þús. tonn og hrygningarstofn 155 þús. tonn í ársbyrjun 1989.

Hafrannsóknastofnun leggur því til að aflhámark árið 1989 verði 60 þús. tonn og 70 þús. tonn árið 1990.

3. Ufsi

3.1. Afli, sókn og árgangaskipan 1987

Ufsaafliinn árið 1987 var rúmlega 80 þús. tonn en var 66 þús. tonn árið 1986 (19. mynd og tafla 20.3). Munar þar mest um aukinn togaraafli. Afli á sóknareiningu jókst nokkuð miðað við árið á undan. Sókn í ufsastofninn er nærri því að gefa hámarksnýtingu (20. mynd).




F 19. mynd. UFSI. Heildarafli árin 1965-1988 og meðalveiðidánartala 5-9 ára ufsa sama tímabil.

Fig. 19. SAITHE. Total landings 1965-1988 (upper line) and F_{5-9} during the same period.

Ufsaafli togara byggðist sem fyrr að þremur fjórðu hlutum á 4-6 ára fiski og var hlutdeild árgangsins frá 1983 mest eða 27% af fjölda. Afli netabáta byggðist mest á eldri ufsa 6-11 ára gömlum. Hlutdeild 7 ára ufsa (árgangur 1980) var mest eða 29% af fjölda. Næstalgengastur í

netaflanum var 6 og 8 ára ufsi með 19% og 16% hlutdeild miðað við fjölda.




20. mynd. UFSI. Afrakstur á 3 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 20. SAITHE. Yield per 3 year old recruit.

Skipting ufsaaflans í fjölda eftir aldri á árunum 1969-1987 er sýnd í töflu 21.13 og veiðidánartölur í töflu 21.15.

3.2. Ástand stofnsins og nýliðun



21. mynd. UFSI. Stærð veiðistofns (4 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1968-1988 í þúsundum tonna.

Fig. 21. SAITHE. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the same period 1968-1988 (thousand tonnes).

Eins og fram hefur komið áður í skýrslum Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand fiskstofna ná seiðarannsóknir og stofnmæling með botnvörpu hvorki til ufsaseiða né yngstu árganga ufsa. Í framreikningum á stærð ufsastofnsins hefur því venjulega verið miðað við

meðalnýliðun.

Í þessari úttekt, sem byggist á aldurs-afla aðferðinni, er gert ráð fyrir að í ársbyrjun 1988 verði stofninn nokkru minni en fram kom í síðustu úttekt. Miðað við núverandi forsendur er veiðistofn (fjögurra ára og eldri ufsi) áætlaður 340 þús. tonn í upphafi árs 1988 og hrygningarstofn 190 þús. tonn (21. mynd). Í síðustu úttekt var veiðistofn áætlaður 390 þús. tonn og hrygningarstofn 200 þús. tonn. Mismuninn má rekja til aukinnar sóknar í ufsa, minni meðalþyngdar eftir aldri á síðastliðnu ári og endurmats á stærð árgangsins frá 1983, en hann er nú metinn 15% minni en við síðustu úttekt (85 milljónir þriggja ára nýliða). Sé gert ráð fyrir að árið 1988 veiðist 80 þús. tonn af ufsa er áætlað að veiðistofn ufsa í ársbyrjun 1989 verði 350 þús. tonn og hrygningarstofn 205 þús. tonn.

Stærð ufsastofnsins í fjölda eftir aldri ásamt þyngd veiði- og hrygningarstofns á árunum 1969-1987 er sýnd í töflu 21.14. Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri sömu ár eru sýnd í töflum 21.11 og 21.12.

3.3. Tillögur um hámarksafla 1988

Í framreikningunum á stofnstærð sem sýndir eru í töflu 3 er gert ráð fyrir að yngstu árgangarnir (1985-1987) séu af meðalstærð (47 milljónir þriggja ára nýliða, 22. mynd). Kynþroski eftir aldri 1989-1991 er byggður á meðaltali árunna 1980-1986. Hins vegar er meðalþyngd eftir aldri sem notuð er í framreikningunum hin sama og áætluð meðalþyngd 1988, en hún er nokkru minni en meðalþyngd síðastliðins árs.

Við 90 þús. tonna afla mun stærð veiðistofns minnka lítið eitt og hrygningarstofn standa í stað.

Við 80 þús. tonna afla mun veiðistofn verða um 350 þús. tonn árið 1991 og hrygningarstofn 215 þús. tonn.

Verði afli takmarkaður við 70 þús. tonn mun stofninn vaxa frekar á næstu árum.

TAFLA 3


Ufsi. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð ufsastofnsins (þús. tonn) 1989-1991.
Saithe. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1989-1991.

1988					1989			1990			1991	
Stofn 4+	Hrygn- stofn	F ¹⁾	Afli	Veiðiráðgjöf 1989-1990	Stofn 4+	Hrygn- stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn- stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn- stofn
Stock 4+	Spawning stock		Catch	Aflahám. TAC	Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock
340	190	0,41	80	90	350	205	0,45	340	205	0,44	330	195
				80			0,39	350	215	0,36	360	215
				70			0,33	360	225	0,30	375	235

F = Veiðidánartala (5-9 ára ufsi).

F = Fishing mortality of age groups 5-9.

Aukin sókn í ufsa frá því sem nú er mun ekki leiða til aukins afraksturs á ári þegar til lengri tíma er lítið þar sem afrakstur á nýliða er nú nálægt hámarki (20. mynd). Með tilliti til þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að sókn í ufsastofninn verði ekki aukin frekar og aflhámark árin 1989 og 1990 verði 80 þús. tonn.




22. mynd. UFSI. Stærð ufsaárganganna 1965-1987. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 22. SAITHE. Year classes 1965-1987 at age 3 (in millions).

4. Karfi og djúpkarfi

4.1. Afli og sókn




23. mynd. KARFI. Heildarafli árin 1969-1988 og meðalveiðidánartala 14-23 ára karfa sama tímabil.

Fig. 23. S. MARINUS. Total landings 1969-1988 (upper line) and F_{14-23} during the same period.

Á Íslandsmiðum minnkaði samanlagður afli af karfa og djúpkarfa úr tæpum 92 þús. tonnum árið 1985 í rúm 86 þús. tonn árið 1986 eða um tæp 6%. Á árinu 1987 jókst hann lítillega aftur eða í rúm 88 þús. tonn. Minni karfaafli Íslendinga á árinu 1986 (23. mynd og tafla 20.4) stafaði fyrst og fremst af því að sóknin minnkaði um u.þ.b. 8%. Hins vegar jókst afli á sóknareiningu nokkuð frá fyrra ári. Á árinu 1987 minnkaði sóknin um tæp 8% frá árinu áður en aukinn afli á sóknareiningu nægði til þess að lítilsháttar aflaukning varð þrátt fyrir minni sókn. Á árinu 1988 var karfaafli í maílok orðinn heldur meiri en á sama tíma árið 1987.

Ef ekki verða meiriháttar breytingar á sókn, sem nú gefur nær hámarksafurkastur (24.mynd), má því ætla að karfaafllinn á árinu 1988 verði um 90 þús. tonn.

Í heild var karfaafllinn minni árið 1987 en 1986 á svæðinu Færeyjar-Ísland-Austur Grænland. Alls veiddust um 114 þús. tonn árið 1987 en 124 þús. tonn árið 1986. Við Austur Grænland minnkaði karfaafllinn úr 15 þús. tonnum 1986 í 8 þús. tonn 1987 og við Færeyjar úr 22 þús. tonnum í 17 þús. tonn á sama tíma.



24. mynd. KARFI.
Afrakstur á 11 ára nýliða
miðað við mismunandi sókn
(veiðidánartölu).

Fig. 24. *S. MARINUS*.
Yield per 11 year old recruit.

Ekki er vitað um aflu á úthafskarfa á árinu 1987, en hann var um 69 þús. tonn árið 1986 en um 49 þús. tonn árið áður. Úthafskarfinn er talinn sérstakur stofn, og veiðar úr honum hófust fyrst að marki árið 1982. Íslendingar hafa enn sem komið er ekki stundað veiðar úr þessum stofni.

4.2. Aldurs- og lengdardreifing í aflu

Lengdardreifing karfa (*Sebastes marinus*) í aflu var nokkuð frábrugðin því sem var árið 1986. Að vanda var mest um 34-42 cm fisk (13-20 ára) eða 60% af fjölda (67% árið 1986). Hins vegar var nokkru meira um yngri fisk (undir 34 cm) og eldri fisk (yfir 42 cm) í aflanum en árið áður, og var meðallengdin því mjög svipuð bæði árin, þ.e. 39,6 cm 1987 og 39,4 cm árið 1986. Breytingar á aldurs- og lengdardreifingu hjá djúpkarfa (*S. mentella*) voru meiri en hjá karfa. Hlutfall fisks undir 34 cm var svipað bæði árin, eða 1.1% (1.6% 1986). Hins vegar voru ekki nema 57% aflans 34-42 cm (13-20 ára) en 78% árið 1986. Það var því miklu meira um stærri fisk en 42 cm í aflanum 1987 miðað við 1986 eða 42% í stað 20%. Meðallengd djúpkarfa var því mun meiri 1987 eða 42,0 cm (39,7 cm 1986).


Skipting karfaflans (*Sebastes marinus*) í fjölda eftir aldri er sýnd í töflu 21.18 og veiðidánartölur í töflu 21.20.

4.3. Ástand karfastofnanna

4.3.1. Karfi (*Sebastes marinus*)

Á íslenska hafsvæðinu reyndist hlutur karfa rúm 78% af samanlögðum afla karfa og djúpkarfa árið 1987. Þetta er sama hlutfall og árið áður.

Niðurstöður nýrrar úttekta með aldurs-afla aðferð eru áþekkar og í síðustu úttekt (júní 1987). Samkvæmt núverandi úttekt stækkaði veiðistofninn (11 ára og eldri karfi) úr tæpum 850 þús. tonnum 1977 í um 1 milljón tonna 1981, en minnkaði síðan stöðugt til ársins 1985 og var þá um 760 þús. tonn (25. mynd). Hrygningarstofninn hefur tekið hliðstæðum breytingum. Hann komst í um 515 þús. tonn árið 1981 en hafði minnkað í um 450 þús. tonn árið 1985.



25. mynd. KARFI. Stærð veiðistofns (11 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1969-1988 í þúsundum tonna.

Fig. 25. *S. MARINUS*. Fishable stock (11+) and spawning stock biomass during the same period 1969-1988 (thousand tonnes).

Stærð karfastofnsins í fjölda eftir aldri ásamt þyngd veiði- og hrygningarstofns er sýnd í töflu 21.19. Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri eru sýnd í töflum 21.16 og 21.17.

4.3.2. Djúpkarfi (*Sebastes mentella*)

Ekki var unnt að gera úttekt á djúpkarfa frekar en áður. Á öllu svæðinu minnkaði djúpkarfaafllinn á árinu 1987 í 35 þús. tonn úr 42 þús. tonnum árið 1986. Á Íslandsmiðum var afllinn mjög svipaður bæði árin eða um 19 þús. tonn.

4.4. Tillögur um hámarksafli 1989

Frá árinu 1981 hnignaði karfastofninum (*S. marinus*) ár frá ári, bæði veiði- og hrygningarstofni. Þessi þróun stöðvast 1986 og hefur stofninn heldur vaxið síðan. Afli á sóknareiningu jókst dálítið á árinu 1987 hjá íslensku togurunum, annað árið í röð. Hins vegar minnkaði heildarsóknin lítillega.

Reiknað hefur verið út hvaða áhrif mismunandi afli á árinu 1989 hefði á karfastofninn (*S. marinus*) á Færeyja-Íslands-Austur Grænlandssvæðinu (tafla 4).

TAFLA 4
Karfi. Áhrif mismunandi aflagámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn)
1989-1991.


Redfish. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1989-1991.

1988					1989			1990			1991	
Stofn 11 ⁺ Stock 11 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Afli Catch	Veiðiráðgjöf 1989 Aflhámark TAC	Stofn 11 ⁺ Stock 11 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 11 ⁺ Stock 11 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 11 ⁺ Stock 11 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock
760	440	0,17	90	100	750	420	0,19	730	390	0,20	710	370
				85			0,16	750	410	0,16	740	400
				70			0,13	760	420	0,12	780	420

F = Veiðidánartala (14-23 ára karfi).

F = Fishing mortality of age groups 14-23.

Gert er ráð fyrir að aflinn á árinu 1988 verði 90 þús. tonn eða um 10 þús. tonnum meiri en á árinu 1987. Gert er ráð fyrir að nýliðun yngstu árganganna (1974-1976) svari til meðaltals árganganna 1956-1966 og verði 187 milljónir 11 ára fiska (26. mynd).



26. mynd. KARFI. Stærð karfaárganganna 1956-1977.

Fig. 26. *S. MARINUS*. Year classes 1956-1977. Abundance in millions.

Ef miðað er við 100 þús. tonna ársafla 1989 mun bæði veiðistofn (11 ára fiskur og eldri) og hrygningarstofn minnka verulega. Sé miðað við 85 þús. tonna afla myndi veiðistofn standa í stað en hrygningarstofn minnka. Sé hins vegar miðað við 70 þús. tonna afla myndi veiðistofn aukast lítillega en hrygningarstofn standa í stað.

Alþjóðahafrannsóknaráðið mælir með að afli á djúpkarfa aukist ekki umfram það sem veitt hefur verið undanfarin ár. Aflinn á árinu 1987 var um 35 þús. tonn, þar af var afli Íslendinga um 19 þús. tonn.


Með hliðsjón af niðurstöðum um stærð stofnsins og að hlutur djúpkarfa í karfaafli Íslendinga var sá sami árin 1986 og 1987, leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli á Íslandsmiðum árið 1989 verði sá sami og lagt var til fyrir árið 1988, þ.e. 75 þús. tonn af báðum karfategundum samanlagt.

Í haust mun vinnunefnd á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins taka karfastofninn við Færeyjar, Ísland og Austur Grænland til meðferðar. Þar verða lögð fram nýjustu gögn allra þeirra þjóða sem veiða úr þessum sameiginlega stofni, en nokkuð skorti á að þau lægju fyrir við þessa úttekt. Líta ber því á þessar tillögur Hafrannsóknastofnunar sem bráðabirgðatillögur. Þær verða endurskoðaðar í ljósi úttektar Alþjóðahafrannsóknaráðsins og verða nýjar tillögur gerðar fyrir lok ársins 1988 ef ástæða er til.

5. Grálúða

5.1. Afli sókn og árgangaskipan 1987 og 1988

Heildarafli grálúðu árið 1986 var tæp 33 þús. tonn. Þar af veiddu Íslendingar 31 þús. tonn og útlendingar 1.750 tonn.



27. mynd. GRÁLÚÐA. Heildarafli árin 1976-1987 og meðalveiðidánartala 8-13 ára grálúðu sama tímabil.


Fig. 27. GREENLAND HALIBUT. Total landings 1976-1987 (upper line) and F_{8-13} during the same period.

Á árinu 1987 jókst aflinn um 45%. Heildaraflinn varð rúm 47 þús. tonn, afli Íslendinga tæp 45 þús. tonn og afli útlendinga um 2.400 tonn. Aukninguna má að mestu leyti rekja til maímánaðar 1987. Þá veiddust um 23 þús. tonn, sem er meira en tvöfaldur maíaflinn 1986. Afslamsetningin 1987 sýnir miklu meiri sókn í yngri grálúðu, 6 og 7 ára, en áður hefur þekkt. Þróun veiðanna janúar-maí 1988 bendir til þess að afli muni verða enn meiri en árið 1987 eða rúm 48.000 tonn. Eins og 1987 beinist sóknin að verulegu leyti að yngri grálúðu.

Grálúðuaflinn á árunum 1976-1987 er sýndur á 27. mynd og allt frá 1950 í töflu 20.5. Skipting aflans í fjölda eftir aldri er sýnd í töflu 21.23.


5.2. Ástand stofnsins

Grálúða við Austur Grænland, Ísland og Færeyjar er talin tilheyra sama stofninum. Veiðidánartala hækkaði ört fram til 1980, hefur síðan verið á bilinu 0,31-0,51. (27. mynd). Heildarstofn óx fram til 1982, var þá um 225 þús. tonn, (28. mynd). Hrygningarstofn náði hámarki 1980, um 103 þús. tonn. Hann minnkaði síðan í 73 þús. tonn árið 1983 en hefur stækkað seinni árin og er áætlaður um 83 þús. tonn í ársbyrjun 1988 (28. mynd). Afrakstur á 5 ára nýliða eftir sókn er sýndur á 29. mynd.



28. mynd. GRÁLÚÐA. Stærð heildarstofns (5 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1976-1987 í þúsundum tonna.

Fig. 28. GREENLAND HALIBUT. Total stock (5+) and spawning stock biomass during the period 1976-1987 (thousand tonnes).




29. mynd. GRÁLÚÐA. Afrakstur á 5 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 29. GREENLAND HALIBUT. Yield per 5 year old recruit.

Meðalþyngd og kynþroskahlutfall eftir aldri á árunum 1969-1987 eru sýnd í töflum 21.21 og 21.22, stærð stofnsins eftir aldri ásamt þyngd veiði- og hrygningarstofns í töflu 21.24 og veiðidánartölur eftir aldri í töflu 21.25.

Úttekt á stærð grálúðustofnsins sýnir enn fremur að árin 1976-1982 hefur nýliðun verið á bilinu 25-38 milljónir 5 ára fiska, að meðaltali um 30 milljónir fiska (30. mynd). Ofangreindar niðurstöður um veiðidauða og stofnstærð eru nokkuð frábrugðnar þeim sem sýndar eru í síðustu úttekt (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 11).

Þess má geta að úttekt verður gerð á grálúðustofninum í september 1988 á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Þá er hugsanlegt að einhverjar breytingar verði á þessum niðurstöðum.



30. mynd. GRÁLÚÐA. Stærð grálúðuárganganna 1971-1982. Fjöldi við 5 ára aldur (í milljónum).

Fig. 30. GREENLAND HALIBUT. Year classes 1971-1982 at age 5 (in millions).

5.3. Tillögur um hámarksafli árið 1989

TAFLA 5

Grálúða. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn) 1989-1991.

Greenland halibut. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1989-1991.

1988				Veiðiráðgjöf 1989-1990 Aflhámark TAC	1989			1990			1991	
Stofn 5 ⁺ Stock 5 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Afli Catch		Stofn 5 ⁺ Stock 5 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 5 ⁺ Stock 5 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 5 ⁺ Stock 5 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock
200	70	0,53	48	50	185	60	0,63	170	50	0,79	150	40
				40			0,47	180	55	0,51	170	50
				30			0,33	190	60	0,32	190	65

F = Veiðidánartala (8-13 ára grálúðu).

F = Fishing mortality of age groups 8-13.


Í framreikningi á stærð stofnsins í ársbyrjun 1989 er gert ráð fyrir að nýliðun verði nálægt meðaltali árána 1976-1982 og afli verði um 48 þús. tonn á þessu ári. Einnig er gert ráð fyrir að kynþroski eftir aldri fylgi sama mynstri og meðaltal árána 1982-1984.

Ef veidd verða 30 þús. tonn árið 1989 mun stofninn nánast standa í stað. Hann mun hins vegar minnka við bæði 40 þús. og 50 þús. tonna afla. Hafrannsóknastofnun leggur því til að leyfilegur hámarksafli Íslendinga verði 30 þús. tonn árin 1989 og 1990. Gert er ráð fyrir að afli útlendinga verði á bilinu 1.500-2.500 tonn bæði árin.

6. Steinbítur

Undanfarin ár hefur steinbítsafllinn (31. mynd) verið um 10 þús. tonn. Árið 1987 var hann um 12.600 tonn og áætlaður afli 1988 er svipaður eða aðeins meiri. Aldur steinbíts í afla fiskiskipa hefur verið 8-20 ár og 10-15 ára fiskur algengastur. Jafnstöðuafl steinbíts er talinn um 13 þús. tonn. Samkvæmt niðurstöðum úr stofnmælingu botnfiska árin 1985-1987 er stærð steinbítsstofnsins (vísitala) áþekk öll árin en 1988 lækkar hún. Gera má því ráð fyrir að við óbreytta sókn muni afli fara eitthvað minnkandi á næsta ári.

Steinbítsafllinn frá 1950 er sýndur í töflu 20.6.




31. mynd. STEINBÍTUR.
Heildarafli árin 1965-1987.

Fig. 31. WOLFFISH. Total landings during the period 1965-1987 (thousand tonnes).

7. Skarkoli

Heildarafli árið 1987 var rúmlega 11 þús. tonn eða um 1.500 tonnum minni en árið 1986. Á fyrstu 5 mánuðum ársins 1988 veiddust rúm 4 þús. tonn, sem er álíka mikið og sömu mánuði árið 1987. Samkvæmt því má gera ráð fyrir svipuðum afla árið 1988 og var árið 1987. Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985-1988 endurspeglu þessa þróun en þær hafa farið lækkandi. Skarkolaafllinn frá 1965 er sýndur á 32. mynd og í töflu 20.7 allt frá 1950.

Bent hefur verið á að hámarks jafnstöðuafl úr skarkolastofninum sé um 10.000 tonn. Með hliðsjón af framansögðu leggur Hafrannsóknastofnunin til að leyfilegur hámarksafli á skarkola árið 1989 verði 10.000 tonn.




32. mynd. SKARKOLI.
Heildarafli árin 1965-1987.

Fig. 32. PLAICE. Total landings during the period 1965-1987 (thousand tonnes).

8. Blálanga

Blálanga er aðallega veidd í botnvörpu. Síðustu 3 árin hefur blálönguafli á Íslandsmiðum eingöngu fengist sem aukaafli við aðrar veiðar. Sérstakar veiðar á hrygnandi blálöngu voru þó stundaðar á árunum 1980-1984. Þá komst blálönguaflinn í um 8.000 tonn (árin 1980 og 1981), en árið 1985 var aflinn kominn niður í tæp 1.500 tonn. Tvö s.l. ár (1986 og 1987) hefur aflinn aukist lítillega aftur og var orðinn tæp 1.700 tonn árið 1987. (33. mynd og tafla 20.10).




33. mynd. BLÁLANGA.
Heildarafli árin 1966-1987.

Fig. 33. BLUE LING. Total landings during the period 1966-1987 (thousand tonnes).

9. Langa


Langa fæst einvörðungu sem aukaafli við aðrar veiðar. Lönguafli Íslendinga hefur verið tiltölulega jafn s.l. 10 ár, þ.e. á bilinu 3.000-4.000 tonn á ári, mestur 1983 (4.260 tonn) en minnstur 1986 (2.950 tonn). Á árinu 1987 veiddust rúmlega 4.000 tonn og hefur lönguafllinn þannig aukist um tæp 40% frá árinu á undan. Lönguafllinn á Íslandsmiðum árin 1966-1987 er sýndur á 34. mynd og töflu 20.11. Með óbreyttri sókn má gera ráð fyrir að lönguafllinn verði svipaður árin 1988 og 1989 eða um 4.000 tonn.



34. mynd. LANGA.
Heildarafli árin 1966-1987.

Fig. 34. LING. Total landings during the period 1966-1987 (thousand tonnes).

10. Keila



35. mynd. KEILA.
Heildarafli árin 1966-1987.

Fig. 35. TUSK. Total landings during the period 1966-1987 (thousand tonnes).

Keiluaflí Íslendinga á árinu 1987 var tæp 3.000 tonn en var um 2.550 tonn árið 1986 og hefur því aukist um rúmlega 400 tonn frá árinu á undan. Meðalafli áráanna 1983-1987 var rúmlega 3.100 tonn.

Keila veiðist aðallega á línu, þ.e. 90-95% aflans (rúmlega 91% árið 1987) en hlutdeild annarra veiðarfæra einkum neta og botnvörpu hefur aukist tvö til þrjú síðustu árin. Keiluaflí áráanna 1966-1980 er sýndur á 35. mynd og töflu 20.12. Gert er ráð fyrir að aflinn verði 3.000 tonn árin 1988 og 1989.


11. Hrognkelsi.

Eins og fram kemur á 36. mynd hafa aflabrögð á grásleppuvertíð verið ákaflega misjöfn allt frá því farið var að veiða grásleppuna vegna hrognanna. Aðalástæður þessa eru breytileg nýliðun á hin ýmsu veiðisvæði og svo gæftir sem oft hafa úrslitaáhrif á aflabrögð.

Sóknarbreytingar eru þó stundum umtalsverðar, m.a. vegna verðsveiflna, en skipta minna máli. Við rannsóknir hefur enn ekkert komið fram sem bendir til ofveiði.

11.1. Veiðarnar 1987 og 1988

Árið 1987 varð góð grásleppuveiði (36. mynd) eins og nýliðunarrannsóknir höfðu bent til. Heildaraflinn varð um 2.400 tonn af hrognum, sem er með því mesta sem fengist hefur á einni vertíð hér við land.




36. mynd. HROGNKELSI. Heildaraflí grásleppuhrognna hér við land 1970-1987 (1988 áætlað).


Fig. 36. LUMPSUCKER. Total landings of lumpsucker roes (tonnes) from Iceland grounds 1970-1987. Values for 1988 are assumed.

Nýliðunarrannsóknir, sem fram fóru vorið 1987 bentu til góðs ástands hrygningar- og veiðistofna á Breiðafirði og við Norður- og Norðausturland að Ströndum undanskildum, en lélegra ástands við Faxaflóa og á Vestfjörðum (37. mynd). Vertíðin 1988 virðist hins vegar ætla að verða með eindæmum léleg og í maílok var hrognaaflinn aðeins um 6.700 tonnur yfir allt landið. Í ljósi reynslunnar er ólíklegt að heildarveiðin fari yfir 9.000 tonn á 1988 vertíðinni allri.


REYKJAVÍK




BREIÐAFJÖRÐUR




PATREKSFJÖRÐUR



ÍSAFJÖRÐUR



N og NA land



37. mynd. HROGNKELSI. Lengdardreifing grásleppu á nokkrum veiðisvæðum vorið 1987. Afli á sóknareiningu (A/S) er fjöldi á netanótt $\times 10$. Mikill fjöldi á lengdarbilinu 36-39 cm gefur til kynna góða nýliðun.

Fig. 37. LUMPSUCKER. Length composition of female lumpsucker in different fishing areas in 1987. The % length composition has been multiplied by cpue in order to estimate recruitment which is mainly represented by the 36-39 cm length groups.

Aðalástæða hins lélega afla eru fáðema stirðar gæftir enda þótt minni sókn vegna erfiðrar markaðsstöðu og tilrauna til að koma í veg fyrir offramleiðslu á söltuðum grásleppuhrognum kunnri einnig að valda nokkru.

11.2. Aflahorfur 1989.

Vegna hinna slæmu gæfta á vertíðinni 1988 hefur gagnasöfnun orðið miklu minni og óreglulegri en venjulega. Flest bendir þó til þess að góð nýliðun verði í hrygningar- og veiðistofna víða við Norðurland en annars staðar er ástandið óvissara.


En eins og oft áður munu gæftir þó ráða mestu um gang vertíðarinnar 1989.

12. Síld

12.1. Síldveiðarnar 1987

Fyrir haustvertíðina 1987 lagði Hafrannsóknastofnun til að ekki yrði veitt meira en 70 þús. tonn af íslenskrum sumargotssíld (Hafrannsóknastofnunin, Fjölrit, nr. 11). Leyfi til síldveiða fékk alls 91 skip og var úthlutað samtals 72.930 tonnum af síld. Kvóti hvers skips nam því um 800 tonnum. Alls framseldu 34 skip 27.972 tonn af síld og fóru því 55 skip til veiða og fengu þau samtals 75.439 tonn. Þar af fóru til frystingar 19.269 tonn, til söltunar 32.613 tonn og til bræðslu 25.556 tonn eða um 34%. Að þessu sinni fékkst allur aflinn í nót og virðist sem síldveiðar í lagnet og reknet, sem talsvert voru stundaðar hér fyrir nokkrum árum, heyri fortíðinni til. Aðalveiðisvæðin voru innfjarða og í fjarðamynnum allt frá Loðmundarfirði suður á Fáskrúðsfjörð. Langmest veiddist af síld í Seyðisfirði og Mjóafirði. Þar var síldin stór og feit en blandaðri í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.

Síldaraflinn á tímabilinu 1975-1987 er sýndur á 38. mynd og allt frá 1951 í töflu 20.11.



38. mynd. SÍLD. Heildarafli árin 1975-1987 og vegin meðalveiðidánartala 4 ára og eldri síldar sama tímabil.


Fig. 38. HERRING. Total landings 1975-1987 (upper line) and weighted mean F_{4+} during the same period.

12.2. Aldursskipting og stofnstærð

Fjöldi landaðra sílda eftir aldri er sýndur í töflu 21.28. Þar kemur fram að á árunum 1975-1977 var árgangurinn frá 1971 algengastur í aflanum. Frá 1979-1982 eru það sterku árgangarnir frá 1974-75 sem bera uppi veiðina. Mikil breyting varð á aldursdreifingu síldaraflans árið 1983 en þá kom mjög sterkur árgangur frá 1979 inn í veiðina og varð yfir 50% af heildaraflanum. Á vertíðunum 1984-1986 var þessi árgangur einnig langalgengastur í aflanum. Aldursdreifing síldaraflans haustið 1987 einkenndist hins vegar af því að aflinn dreifðist á marga árganga allt frá fjögurra til 11 ára síld.

Frá 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferðinni. Þessar mælingar hafa farið fram í desember eða janúar að lokinni vertíð. Í nóvember og desember 1987 var farinn leiðangur í þessu skyni. Í fyrri hluta hans var fyrst og fremst verið að kanna útbreiðslu síldarinnar við Suður- og Austurland en í síðari hluta leiðangursins var smásíldin við Norður- og Norðvesturland athuguð. Í leiðangrinum fannst og var mæld síld á 10 stöðum við landið. Norður af Eldeyjardrang fannst aðallega tveggja til fjögurra ára síld. Við Tvísker og á Lónsvík var aðallega þriggja, fjögurra og 5 ára gömul síld. Stórsíld var mæld á 6 Austfjarðanna en árgömul smásíld (1986 árgangur) var mæld í Eyjafirði og Ísafirði. Niðurstöður úr þessum mælingum voru notaðar við stofnstærðarútreikninga.

Venjulega er gert ráð fyrir því að íslenska sumargotssíldin sé að fullu komin í veiðina þegar hún er 5 ára gömul en samanburður á niðurstöðum bergmálmælinganna og aldursdreifing í afla sýna að mjög mikið af þriggja, fjögurra og 5 ára síld mældist utan veiðisvæðisins og veiðin beindist fyrst og fremst að eldri árgöngum. Veiðimunstrið haustið 1987 er að því leyti frábrugðið fyrri árum að hlutfallslega veiddist minna af fjögurra, 5 og 6 ára síld en venjulega miðað við stærð viðkomandi árganga.




39. mynd. SÍLD. Stærð hrygningarstofns árin 1970-1988.

Fig. 39. HERRING. Spawning stock biomass during the period 1970-1988 (thousand tonnes).

Í úttektinni sem gerð var á stærð íslenska síldarstofnsins vorið 1986 var stuðst við nýja aðferð þar sem tekið er tillit til allra bergmálmælinga sem gerðar hafa verið á íslenska síldarstofninum. Áður voru hins vegar einungis notaðar niðurstöður úr síðasta leiðangri. Þessari nýju aðferð var einnig beitt við núverandi úttekt.

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir hefur hrygningarstofninn vaxið úr 257 þús. tonnum 1983 í um 300 þús. tonn 1985 og virðist vera hálf milljón tonna 1988 (39. mynd). Eins og fram kemur í töflu 21.28 veiddist miklu meira af gamalli síld (9-18 ára) en gert hafði verið ráð fyrir. Spáin um aldersdreifingu síldarinnar fyrir 1988 gerir ráð fyrir að aldersdreifingin í aflanum verði hin sama og í stofninum. Þetta þarf þó ekki að verða svo sbr. það sem skeði síðastliðið haust þegar veiðarnar beindust mest að stórsíldinni inni á fjörðum en millisíldin látin nánast óáreitt við Suðaustur- og Suðvesturland. Tafla 21.29 sýnir niðurstöður stofnstærðarútreikninga með alders-afla aðferð allt frá árinu 1969 til 1987. Þar sést að árið 1972 var hrygningarstofn íslensku sumargotssíldarinnar aðeins 11 þús. tonn en er nú kominn upp í hálf milljón tonn eins og að framan segir. Tafla 21.30 og 38. mynd sýna veiðidánarstuðla á tímabilinu 1969-87. Þar sést að veiðidánarstuðlarnir síðastliðin 10 ár hafa verið á bilinu frá 0,18 upp í 0,30 eða í námunda við þann veiðistuðul sem gefur kjörsókn en fyrir íslensku sumargotssíldina er hann 0,22 (40. mynd).



40. mynd. SÍLD. Afrakstur á 2 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 40. HERRING. Yield per 2 year old recruit.

Meðalþyngd og kynþroskahlutfall eftir aldri á árunum 1969-1987 er sýnt í töflum 21.26 og 21.27.

12.3. Horfur og tillögur um afla 1988 og 1989

Allt frá 1975 að veiðar hófust aftur úr íslenska sumargotsstofninum hefur sókninni verið stillt mjög í hóf og hin síðustu ár hefur hún miðast við svokallaða kjörsókn. Eins og sést á 40. mynd eykst afrakstur nýliða mjög lítið þótt sóknin aukist eftir að kjörsókn er náð.

Spá um þróun síldarstofnsins byggð á niðurstöðum bergmáls mælinganna er sýnd í 6. töflu.

Gert er ráð fyrir að hrygningarstofninn verði um 500 þús. tonn 1988. Samkvæmt þessari úttekt var hann um 480 þús. tonn árið 1987. Venjulega er gert ráð fyrir því að varanlegur hámarksafrakstur þessa síldarstofns sé í námunda við 75 þús. tonn en vegna þess hve góðir árgangar hafa bæst í stofninn að undanförunu (41. mynd) er unnt að veiða mun meira en þetta á næstu tveim til þrem árum.


TAFLA 6
Síld. Áhrif mismunandi sóknar (F) árið 1988 á áætlaða stærð hrygningarstofns sumargotssíldar (þús. tonn) 1989.
Projection of the spawning stock size of the Icelandic summer spawning herring (thousand tonnes) in 1989 for different management strategies in 1988.

1988	Veidiráðgjöf 1988		1989
Hrygningarstofn 1. júlí <i>Spawning stock biomass 1. July</i>	$F_{88}^{1)}$	Afli <i>Catch</i>	Hrygningarstofn 1. júlí <i>Spawning stock biomass 1. July</i>
540	0,19	90	490
	0,22 = F_k	100	480

1) Vegin veiðidánartala 4 ára og eldri

1) *Weighted fishing mortality of age group 4+ ($F_k = F_{opt}$)*

Ef aflinn á vertíðinni 1988 miðast við kjörsókn eins og á undanförunum árum er gert ráð fyrir að hann verði um 100 þús. tonn eða um 30% meiri en var á árinu 1987. Miðað við sömu forsendur myndi aflinn á árinu 1989 hins vegar verða 95 þús. tonn. Mörg undanfarin ár hafa tillögur stofnunarinnar miðast við það að síldaraflinn væri annað hvort stöðugur eða hægt vaxandi. Í samræmi við þá stefnu er lagt til að aflinn á árinu 1988 verði 90 þús. tonn og 100 þús. tonn árin 1989 og 1990. Tillögur um leyfilegan hámarksafla 1989 og 1990 verða þó endurskoðaðar eftir því sem niðurstöður rannsókna gefa tilefni til.




41. mynd. SÍLD. Stærð síldarárganganna 1970-1985. Fjöldi við 2 ára aldur.

Fig 41. HERRING. Year classes 1970-1985 at age 2 (in millions).

13. Loðna


13.1 Veiðarnar 1987/1988



42. mynd. LOÐNA. Stærð hins kynproska hluta stofnins, þ.e. veiðistofns 1. ágúst og afdrif hans á vertíðunum 1978/79-1986/87.

Fig. 42. CAPELIN. The abundance of the maturing stock in the 1978/79-1986/87 seasons. The mortality rate (white), catch (grey) and remaining biomass of spawners (black) are indicated.

Eins og venjulega var reynt að mæla stærð stofnsins í október 1987. Mikinn ís hafði rekið suður yfir grænlenka landgrunnid í sterkri norðanátt um næstliðin mánaðamót og varð hvorki komist að vestur né norðurmörkum útbreiðslusvæðis loðnunnar. Af þessu leiddi að októbermælingin gat ekki talist marktæk að þessu sinni.



43. mynd. LOÐNA. Stærð loðnuárganganna 1976-1985. Fjöldi nýliða við 2 ára aldur (í milljónum).

Fig. 43. CAPELIN. Size of the 1976-1985 year classes at age 2 (in millions).

Dagana 20. nóvember til 4. desember var stærð veiðistofnsins mæld við ágætar aðstæður að flestu leyti. Alls mældust 1.310 þús. tonn af eins til þriggja ára gamalli loðnu í nóvember/desember 1987, þar af um 1.275 þús. tonn af hrygningarloðnu.

Nóvembermælingin var talin svara til þess að veiða mætti 835 þús. tonn frá 26. sama mánaðar til vertíðarloka. Þetta svaraði 550 þús. tonnum til viðbótar upphafskvótanum (500 þús. tonnum) og um 1.115 þús. tonna afla á vertíðinni allri þegar afli Færeyinga í grænenskri lögsögu (65 þús. tonn) er tekinn með í reikninginn. Samkomulag varð um þennan hámarksafla milli Íslendinga og Norðmanna en grænensku veiðarnar eru enn utan kvóta.

Aflinn á vertíðinni 1987/1988 varð alls rúm 1.112 þús. tonn og skiptist hann milli veiðitímabila og þjóða eins og sýnt er í töflu 20.14. Stærð og nýting veiðistofnsins á vertíðunum 1978/79 - 1987/88 og stærð loðnuárganga frá 1976-1985 eru sýndar á 42. og 43. mynd.

Heildaraflinn á Íslands-Grænlands-Jan Mayen svæðinu allt frá 1964 er sýndur í töflu 20.14.

13.2. Ástand veiðistofnsins 1988/1989

Næsta loðnuvertíð mun aðallega byggjast á árganginum frá 1986, en auk þess á þeim hluta 1985 árgangsins sem ekki hrygndi vorið 1988.

Í ágúst/september 1987 var gerð könnun á útbreiðslu og mergð ókynþroska loðnu. Nær öll loðnan sem mældist var af árgangi 1986, en rannsóknasvæðið takmarkaðist að norðan við 68°30' n.br. og náði því ekki til 1985 árgangsins sem gengið hafði á norðlægari slóðir í ætisleit fyrir um sumarið. Niðurstöður um fjölda og þyngd eftir aldri eru sýndar í eftirfarandi töflu:

Árgangur <i>Year class</i>	Fjöldi í milljónum <i>Number in millions</i>	Þyngd í þús. tonna <i>Weight in thous. tonnes</i>
1986	101.539	306.1
1985	2.208	27.4
1984	0.707	16.2
Samtals <i>Total</i>	104.454	349.7
Kynþroska <i>Mature</i>	2.261	39.0

Í október 1987 varð tiltölulega lítið vart við smáloðnu af 1986 árganginum og sama er að segja um hinn ókynþroska hluta 1985 árgangsins. Helst varð þessarar loðnu vart djúpt út af Norðausturlandi og vestur undir Grænlandskantinum þar sem ekki var hægt að kanna allt svæðið vegna rekíss.

Í nóvember var smáloðnan hins vegar ekki enn komin á það svæði sem þá var kannað, þ.e.a.s. útbreiðslusvæði hrygningar- og veiðistofnsins.

Um mánaðamótin janúar/febrúar 1988 var ætlunin að mæla mergð ókynþroska loðnu af árgöngunum frá 1986 og 1985. Mikill hafís út af Norðurlandi og Vestfjörðum kom hins vegar í veg fyrir þessa mælingu.

13.3. Hámarksafli á vertíðinni 1988/1989

Þegar reynt er að áætla stærð veiðistofnsins á komandi vertíð eru það aðeins ágústmælingarnar á stærð 1986 árgangsins, þegar hann var ársgamall, sem við er að styðjast. Slíkar mælingar hafa verið gerðar árlega síðan 1982, þ.e. á árgöngunum 1981-1986.


Þegar tekið hefur verið tillit til afla og náttúrulegra affalla er hægt að bakreikna stærð fimm fyrstu árganganna út frá mælingum á stærð þeirra í veiði og hrygningarstofni.

Niðurstöðurnar má síðan bera saman við ágústmælingarnar. Sambandið milli þessara tveggja mælinga er sýnt á 44. mynd og er býsna gott en spágildið er því miður ekki að sama skapi m.a. vegna þess að athuganir eru of fáar. Hafa ber í huga að hluti 1985 árgangsins er enn ókynþroska og samkvæmt fyrri reynslu er stærð hans því vanmetin að einhverju leyti ennþá.

Ef ofangreint samband árgangastærðar og ágústmælinga á árgamalli loðnu er samt sem áður lagt til grundvallar gefur ágústmælingin frá 1987 á stærð 1986 árgangsins til kynna að fjöldi tveggja ára loðnu verði um 84 milljarðar við upphaf sumarvertíðar 1988, þegar tekið hefur verið tillit til náttúrulegra affalla.

Með því að styðjast við meðaltöl seinustu ára varðandi kynþroskahlutfall yngri árgangsins (1986), hlutfall árganga og meðalþyngd í veiði- og hrygningarstofni auk dánartölu, má freista þess að spá fyrir um stærð veiðistofnsins og aflakvóta á vertíðinni með því að gera ráð fyrir að:

- Veiðarnar byggist svo til eingöngu á kynþroska loðnu af árgöngunum frá 1986 og 1985.
- Um 70% af 1986 árganginum og allt sem eftir er af 1985 árganginum verði kynþroska.
- Hlutfall 1986 og 1985 árganganna í veiði- og hrygningarstofni verði um 80/20. Þetta er meðaltal áranna 1981-1988 að undanskildu árinu 1987 sem var í hæsta máta óvenjulegt.
- Meðalþyngd 1986 og 1985 árganganna verði 17,3 og 24,3 g í veiðistofninum en 18,6 og 26,3 g við hrygningu.
- Náttúruleg afföll verði svipuð og reiknað hefur verið með að undanfögnu.
- 400 þús. tonn verði eftir og hrygni vorið 1989.



44. mynd. LOÐNA. Sambandið milli fjölda 1 árs loðnu í ágúst (árgangar 1981-1985) og seinni mælingar á stærð sömu árganga.

Fig. 44. CAPELIN. The relation between estimates of 1-group capelin abundance (year class 1981-1985) and estimates of their later abundance as adults.

Niðurstaða þessa dæmis er að um 770 þús. tonn verði til skiptanna á vertíðinni 1988/1989. Það er hins vegar deginum ljósara að forsendur flestar hverjar eru afar mikilli óvissu háðar. Þær byggjast allar á meðaltölum nema fjöldi fiska af 1986 árganginum og hann hefur aðeins tekist að mæla einu sinni eins og fyrr er greint.

Af þessum sökum og eins því hve ágústmælingar á fyrsta árs loðnu ná yfir fá ár er lagt til að hámarksafli á sumar- og haustvertíð 1988 verði 500 þús. tonn og hámarksafli fyrir tímabilið desember 1988/mars 1989 verði síðan ákveðið þegar tekist hefur að mæla stærð veiðistofnsins haustið 1988.

13.4. Hámarksafli á sumar- og haustvertíð 1989


Um ástand veiðistofnsins á vertíðinni 1989/1990 er lítið hægt að segja enn sem komið er. Veiðarnar munu væntanlega fyrst og fremst byggjast á 1987 árganginum en tiltölulega lítið mældist af loðnuseiðum þá um sumarið. Reynslan sýnir að slíkar mælingar hafa lítið spágildi og má t.d. geta þess að árgangurinn frá 1982, sem mældist álíka stór sem seiði það ár, reyndist síðar í góðu meðallagi (43. mynd). Ekki er að vænta nánari vitneskju um stærð 1987 árgangsins fyrr en að loknum mælingum á árgamalli loðnu í ágúst og október 1988.

14. Kolmunni

14.1. Veiðarnar

Á árunum 1979 og 1980 náði kolmunnaafllinn hámarki og varð tæplega 1.1 milljón tonn. Síðan minnkaði hann ört og fór niður í 539 þús. tonn 1983. Eftir það hefur aflinn aukist nokkuð aftur og var um 757 þús. tonn árið 1986.

Kolmunnaafllinn frá 1977 er sýndur á 45. mynd og frá 1970 í töflu 20.15. Íslendingar hafa ekki stundað kolmunnaveiðar á seinni árum.




45. mynd. KOLMUNNI. Heildaraflí árin 1977-1987 og meðalveiðidánartala 4-8 ára kolmunna sama tímabil.

Fig. 45. BLUE WHITING. Total landings 1977-1987 (upper line) and F_{4-8} during the same period.

14.2. Aldursskipting

Enn sem fyrr eru sterku árgangarnir frá 1982 og 1983 mest áberandi í veiðinni. Árið 1986 voru þessir tveir árgangar um 55% af fjölda landaðra fiska og samanlagt voru árgangarnir frá 1981-1984 um 80% af fjölda fiska í afla. (tafla 21.31).


14.3. Stofnstærð



46. mynd. KOLMUNNI. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1977-1987 í milljónum tonna.

Fig. 46. BLUE WHITING. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1977-1987 (million tonnes).


Við úttekt á kolmunnastofninum sem gerð var í september 1987 komst kolmunnavinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins að þeirri niðurstöðu að heildarstofninn hefði minnkað stöðugt frá 1977 til 1982 (46. mynd). Árið 1983 breyttist þessi þróun og stofninn fór aftur stækkandi er sterku árgangarnir frá 1982 og 1983 bættust í hann. Stærð hrygningarstofns minnkaði einnig á sama tímabili en frá árinu 1984 hefur hann vaxið á ný eftir því sem þessir sömu árgangar urðu kynþroska. Fjöldi þriggja ára nýliða af árgöngunum 1970-1985 er sýndur á 47. mynd.



47. mynd. KOLMUNNI. Stærð kolmunnaárganga 1970-1985 í milljónum þriggja ára nýliða.

Fig. 47. BLUE WHITING. Year classes 1970-1985 at age 3 (in millions).

Meðalveiðidánartala 4-8 ára fisks var mjög lág eða undir 0,1 á árunum 1970-1977. Eftir það jókst meðalveiðidánartala hratt fram til 1981, en hefur verið nokkuð stöðug síðan á bilinu frá 0,15-0,18 (45. mynd). Þetta er nokkuð minna en svokölluð kjörsókn, sem fyrir kolmunnann er um 0,2 eins og sýnt er á 48. mynd.



48. mynd. KOLMUNNI.
Afrakstur á 3 ára nýliða
miðað við mismunandi sókn
(veiðidánartölu).

Fig. 48. BLUE WHITING.
Yield per 3 year old recruit.

14.4. Horfur

Aflaspar og þróun stofnstærðar fyrir árin 1988 og 1989 eru sýndar í töflu 7. Spárnar eru byggðar á úttekt kolmunnavinnunefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins frá því í september 1987 og í samræmi við skýrslu nefndarinnar (ICES C.M. 1988/Assess:6).

TAFLA 7

Kolmunni. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins
(milljónir tonna) 1988-1989.
*Blue whiting. Projection of stock and spawning stock biomass (million tonnes) for
different management strategies in 1988-1989*

1987				Veiðiráðgjöf 1988 F_{88}	1988			1989	
Heildar- stofn Total stock	Hrygn- stofn Spawning stock	$F^{1)}$	Afli Catch		Heildar- stofn Total stock	Hrygn- stofn Spawning stock	Afli Catch	Heildar- stofn Total stock	Hrygn- stofn Spawning stock
6.1	4.4	0.19	0.79	0.19 = F_{87} 0.22 = F_k 0.3	5.7	4.3	0.75 0.83 1.14	5.4 5.3 5.0	4.0 4.0 3.7

1) F = Veiðidánartala 4-8 ára kolmunna.

1) F = Fishing mortality of age groups 4-8.

Ef gert er ráð fyrir meðalnýliðun árána 1975-1981 (um 1.1 milljarður nýliða) og svipaðri sókn 1987 og var 1986 myndi aflinn verða um 750 þús. tonn árið 1988. Heildarstofn og hrygningarstofn myndu minnka lítillega.

Undanfarin ár hefur sóknin í kolmunna verið minni en sem nemur kjörsókn og aflinn því verið minni en Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur lagt til sem hámarksveiði. Alþjóðahafrannsóknaráðið mælir enn með að sóknin í kolmunnastofninn miðist við kjörsókn. Í samræmi við það er útreiknað aflhámark 1988 832 þús. tonn.


15. Humar

15.1. Humarveiðarnar 1987 og 1988

Humarvertíðin 1988 hófst 24. maí. Að þessu sinni var alls úthlutað 2.607 tonnum af humri til 81 báts en aflinn varð 2.712 tonn árið 1987.

Þegar skýrslan um nytjastofna sjávar og umhverfispætti 1987 og aflahorfur 1988 var lögð fram í júní 1987, var humarvertíð nýlega hafin og upplýsingar um þáverandi vertíð því af skornum skammti. Samt sem áður var gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í meðalafli á togtíma samanborið við einstaklega góð aflabrogð 1986 eða úr 61 kg á togtíma í um 55 kg. Þegar upp var staðið reyndist meðalafllinn ívið lægri eða 53 kg á togtíma. Humarvertíðin 1987 varð þó með besta móti þrátt fyrir aðeins meiri samdrátt í veiðinni suðaustanlands en gert hafði verið ráð fyrir.

Í aflanum 1987 reyndist 8 ára humar (árgangur 1979) sérstaklega áberandi, enda hafði þessi árgangur verið sterkur í veiðinni sem 7 ára humar 1986. Að öðru leyti komu eldri árgangar frá árunum fyrir 1979 að jafnaði öllu betur fram í veiði en reiknað var með en yngstu árgangarnir frá 1981-1982 sýndu að sama skapi fremur slaka nýliðun (49. mynd). Fjöldi veiddra humra eftir aldri (stærð) árin 1969-1987 er sýndur í töflu 21.35.



49. mynd. HUMAR. Stærð humarárganganna 1963-1982. Fjöldi við 6 ára aldur.

Fig. 49. NEPHROPS. Year classes 1963-1982 at age 6 (in millions).


Á suðvesturmiðum (Miðnessjór-Selvogsleir) varð humarveiðin um 600 tonn en 487 tonn árið 1986. Þessi aukning átti rætur að rekja til mun meiri veiði á svæðunum norðan Eldeyjar en um nokkurt árabil. Hins vegar varð nokkur samdráttur í afla á togtíma á suðvesturmiðum eða úr 49 kg 1986 í 44 kg 1987.

Á Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar veiddust 595 tonn á mótí 450 tonnum 1986 og meðalafli á togtíma var góður þriðja árið í röð eða 57 kg.

Humaraflinn á suðausturmiðum (Skaftárdjúp-Lónsdjúp) varð nokkru minni en árið 1986 eða um 1.515 tonn á mótí 1.600 tonnum. Jafnframt minnkaði afli á togtíma verulega eða úr 68 kg 1986 í 56 kg 1987. Veiðin í Hornafjarðardjúpi var sérstaklega dræm og virðist mega rekja það til of mikillar sóknar árin 1982-1985. Aflabrögð eftir svæðum og í heild 1970-1987 eru sýnd í töflu 20.16.

Veiðarnar framan af vertíðinni 1988 hafa gengið mun verr en á undanförunum árum. Enda þótt óvenju lélegar gæftir hafi átt stóran hlut að máli, a.m.k. fyrri hluta vertíðar, er reiknað með því að veiðin 1988 verði einnig lakari en árin 1985-1987 vegna minni veiðistofns. Af báðum þessum ástæðum er gert ráð fyrir að meðalafli á togtíma verði aðeins um 40 kg á þessu ári.

15.2. Ástand stofnsins




50. mynd. HUMAR. Stærð veiðistofns (6 ára og eldri) í þúsundum tonna og afli á sóknareiningu (kg/klst) árin 1970-1988.

Fig. 50. NEPHROPS. Fishable stock (6+) biomass in thousand tonnes and CPUE (kg/hour) during the period 1970-1988.

Undanfarin ár hafa takmarkanir á sókninni í humarstofninn stuðlað að því að árgangar endast betur í veiðinni en áður. Þetta hefur m.a. leitt til þess að afli á sóknareiningu var góður allar vertíðirnar 1980-1987, miðað við oftast á árunum 1967-1979 (50. mynd). Hins vegar hefur stærð veiðistofnsins í heild ekki komist upp í það hámark sem hún var síðast í um 1970 (51. mynd og tafla 20.36) en það á m.a. rætur að rekja til hægari endurreisnar stofnsins á vestustu svæðunum, þ.e. við Eldey og í Jökuldjúpi.

Árgangur 1979 (9 ára humar) er nú áberandi í veiðinni eins og hann var sem 7 og 8 ára árin 1986 og 1987. Árgangar frá því u.þ.b. 1976 og 1977 hafa skilað sér betur í veiðinni en nýliðun þeirra gaf til kynna árin 1983 og 1984. Þeir hafa verið yfir meðallagi sterkir og komið veiðunum s.l. þrjú ár mjög til góða, m.a. vegna þess að sóknin í þá var lítil fram til 1985. Þessir árgangar voru enn áberandi í aflanum vorið 1988. Að svo komnu máli virðist

árgangurinn frá 1980 vera í meðallagi í veiðinni það sem af er vertíðinni 1988, en 5-7 ára humar (árgangar 1981-83) er víðast undir meðallagi þannig að þessir árgangar virðast vera með lakara móti. Ef þetta reynist rétt mun það hafa áhrif á aflabróð til hins verra frá og með vertíðinni 1988. Loks skal þess getið að á vissum veiðisvæðum hefur þriggja til fjögurra ára humar (árgangar 1984 og 85) verið mun meira áberandi en um langt árabil. Of snemmt er þó að fullræða nokkuð um styrk þessara árganga enda koma þeir veiðistofninum ekki til góða fyrr en árin 1990 og 1991.




51. mynd. HUMAR. Heildarafl árin 1971-1987 og vegin meðalveiðidánartala 5-13 ára humars sama tímabil.

Fig. 51. NEPHROPS. Total landings 1971-1987 (upper line) and weighted F_{5-13} during the same period.

Meðalþyngd og hlutfall kynþroska eftir aldri á tímabilinu 1969-1987 eru sýnd í töflum 21.33 og 21.34 og veiðidánartölur í töflu 21.37.

15.3. Horfur og tillögur um hámarksafli 1989



52. mynd. HUMAR. Aflakstur á þriggja ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 52. NEPHROPS. Yield per 3 year old recruit.

Undanfarin átta ár eða frá 1980-1987 hefur humarveiðin verið takmörkuð við sem næst kjörsókn í stofninn (52. mynd). Þrátt fyrir misgóða nýliðun og breytilegar umhverfisaðstæður hefur aflinn á þessu tímabili verið nokkuð stöðugur á bilinu 2.400-2.700 tonn á ári og meðalafli meiri en um langt árabil eða frá um 45-60 kg á togtíma.

Aukinn afli á togtíma frá og með 1980 byggðist að verulegu leyti á góðum árgöngum frá 1971-73, sem nú hafa runnið sitt skeið í veiðinni vegna aldurs. Lélegri nýliðun 1983 og 1984 varð til þess að afli á togtíma minnkaði nokkuð á þessum árum. Undanfarin þrjú ár 1985-1987 hefur afli á togtíma hins vegar verið sá mesti í humarveiðunum síðan á árunum fyrir 1967. Ástæður eru m.a. raktar til góðra árganga frá 1976-77 og 1979, auk þess sem skilyrði til veiða hafa verið ákjósanleg. Það sem af er vertíðinni 1988, er hlutdeild þessara árganga áfram há. Aflabrögð hafa hins vegar verið mun lakari en s.l. þrjú ár, bæði vegna óvenju stopulla gæfta og lélegrar nýliðunar árganganna 1981 og 1982, en 6-7 ára humar er jafnan umtalsverður hluti veiðistofnsins. Af þessum sökum hefur veiðistofninn minnkað nokkuð miðað við síðasta hámark 1985-86.

Ef humarveiðin fram til 1990 verður nálægt hámarki undanfarinna ára, þ.e. 2.700 tonn, mun veiðistofninn fara minnkandi (tafla 9).

TAFLA 9

Humar. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins (tonn) árin 1988-1991.
Nephrops. Projection of fishable stock biomass (tonnes) for different management strategies in 1988-1991.

1987			1988	1989			1990		1991
Stofn Stock	F ¹⁾	Afli Catch	Stofn Stock	Aflahámark TAC	Stofn Stock	F ¹⁾	Stofn Stock	F ¹⁾	Stofn Stock
16.700	0,20	2.700	16.100	2.700	15.600	0,21	15.600	0,21	15.500
				2.400	15.900	0,18	16.200	0,17	
16.300				2.100	16.200	0,15	16.700	0,14	17.000

1) F = Veiðidánartala 6-13 ára

1) F = Fishing mortality of estimated age groups 6-13.

Við 2.400 tonna afla stækkar stofninn lítillega 1990-1991. Þriðji kosturinn 2.100 tonna afli á ári, verður hins vegar til þess að veiðistofninn vex nokkuð 1990-1991 þegar árgangarnir frá 1984 og 1985 verða nýtanlegir. Með hliðsjón af þessu leggur Hafrannsóknastofnunin til að humarafli verði takmarkaður við 2.400 tonn 1989. Þar eð niðurstöður framan af vertíð 1988 benda til þess að e.t.v. sé æskilegt að draga enn frekar úr sókninni á næsta ári, einkum á suðausturmiðum, verður þessi tillaga endurskoðuð að lokinni núverandi humarvertíð. Hvað sem því líður ætti að stefna að því að nýta árgangana 1984 og 1985, sem virðast góðir, sem best til stækkunar veiðistofnsins frá og með árunum 1990-1991.

16. Hörpudiskur

16.1. Veiðarnar 1987-1988

Heildarafli hörpudisks 1987 var 13.272 tonn, en árið 1986 veiddust 16.429 tonn. Fyrstu 6 mánuði ársins 1988 var hörpudisksafllinn aðeins um 1.500 tonn en hann var um 4.500 tonn sömu mánuði 1987.

Þessi mikli samdráttur í veiðunum 1987 og það sem af er þessu ári á einkum rætur að rekja til lækkandi markaðsverðs í Bandaríkjunum.

16.2. Ástand stofnsins

Samkvæmt niðurstöðum stofnmælingar á hörpudiski í Breiðafirði í mars/apríl á þessu ári, hefur veiðistofninn minnkað um 8% frá því að síðustu athuganir voru gerðar 1986 og um 16% frá 1982. Ástæður eru einkum minnkandi hlutdeild stærri skelja vegna veiða undanfarin ár. Hins vegar minnkar heildarstofninn ekki eins mikið á sama tímabili, þar eð nýliðun yngstu árganganna virðist góð nema helst í suðvestanverðum firðinum.

Meðalafli var í hámarki hjá skelbátum í Breiðafirði árin 1981-1983, eða um 1.000 kg á veiðistund. Árin 1984-1987 var hann nokkru minni en þó stöðugur um 960 kg á veiðistund. Samdráttur í meðalafli er minni en nemur áætlun um stofnstærð m.a. vegna aukinnar tækni við veiðarnar.

16.3. Tillögur um hámarksafli

Vegna minni veiðistofns í Breiðafirði er lagt til að hámarksafli á því svæði fari ekki fram úr 9.000 tonnum 1988. Ekki eru lagðar til breytingar á leyfilegum hámarksafli á öðrum svæðum, enda hefur sóknin víðast verið mun minni árið 1987 og það sem af er þessu ári miðað við árin þar á undan.

Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafli á hörpudiski 1988 á hinum ýmsu veiðisvæðum eru því eftirfarandi:

- Breiðafjörður 9.000 tonn;
- Patreks- og Tálknafjörður 200 tonn;
- Arnarfjörður 400 tonn;
- Dýrafjörður 150 tonn;
- Ísafjarðardjúpi 500 tonn;
- Húnaflói 1.800 tonn;
- Vopnafjörður og Bakkafloi 500 tonn.

17. Rækja


17.1. Veiðarnar 1987-1988

Rækjuafli á grunnslóð minnkaði enn árið 1987 um 28% eða sem nemur um 1.500 tonnum miðað við fyrra ár. Því veldur mikið hrun í Húnaflóastofninum veturinn 1986-87 og lítið af rækju á Eldeyjarsvæðinu árið 1987. Afli á grunnslóð kann að minnka enn á árinu 1988 þrátt fyrir að stofninn í Arnarfirði muni væntanlega haldast stór fram til ársins 1989 og stofnarnir í Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa virðast í miklum vexti. Óvíst er hvort rækjuveiðar verða stundaðar við Eldey árið 1988. Gert er ráð fyrir að veiðin dragist saman í Arnarfirði veturinn 1989-90 þar sem hlutdeild sterku árganganna, sem þar hafa haldið uppi veiðinni, fer ört minnkandi.

Árið 1987 jókst rækjuafli á úthafinu hins vegar um nær 14% eða í tæplega 35 þús. tonn. Veiðileyfi fengu 234 skip sem er svipaður fjöldi og árið 1986 en sóknin jókst vegna aukins úthaldstíma. Það sem sérstaklega einkenndi veiðarnar var að stærstu skipin stunduðu veiðar

dýpra en nokkru sinni fyrr.

Heildaraflinn varð tæp 39 þús. tonn árið 1987 en var tæp 36 þús. tonn árið áður (53. mynd og tafla 20.16).



53. mynd. RÆKJA.
Heildaraflí 1964-1987 (slitna línan). Heila línan merkir aflá á djúpslóð.

Fig. 53. PANDALUS. Total landings at Iceland 1964-1987 (broken line) by years. The solid line represents landings from offshore areas.


17.2. Ástand rækju á grunnslóð 1988 og tillögur um hámarksafli 1989

Á **Eldeyjarmiðum** byggðust veiðarnar 1986 mest á tveggja og þriggja ára rækju (árgangar 1984 og 1983) og virtust horfur góðar þegar þeim lauk. Við kannanir sem gerðar voru á Eldeyjarmiðum í maí og júní 1987 bar mest á þessum sömu árgöngum. Rækjuafli á sóknareiningu (54. mynd) var hins vegar lítill og virðist stofninum hafa hrakað mikið frá því sem var. Því var leyfður hámarksafli á Eldeyjarmiðum minnkaður úr 1.500 tonnum í 1.000 tonn árið 1987. Þar fengust þó aðeins 613 tonn enda aflí tregur og loks var svæðinu lokað vegna ungsú. Það sem af er árinu 1988 hefur lítið fundist af rækju á Eldeyjarmiðum. Stofninum virðist enn hafa hrakað og árgangar sem halda yfirleitt uppi veiðinni við Eldey, þ.e. rækja á aldrinum tveggja til fjögurra ára, eru fálíðaðir. Mjög er óvíst um framvinduna á Eldeyjarsvæðinu á árinu 1989 og af þeim sökum er ekki gerð tillaga um hámarksafli fyrir árið 1989 að svo stöddu.

Afli á sunnanverðum **Breiðafirði** var mjög lítill. Rækjustofninn í norðurfjörðum Breiðafjarðar, sem fannst fyrst árið 1966 var nú í annað sinn nýttur og voru veidd þar um 200 tonn af rækju. Á þessum slóðum hafa ávallt verið smæstu kynþroska kvendýr sem þekkjast við landið og var ætlunin að skoða áhrif grísjunar á vöxt rækjunnar á þessu svæði. Talið er að sami rækjustofn veiðist á sjálfum Breiðafirði og í Kolluál. Minna var af þriggja ára rækju inni á Breiðafirði 1988 en oftast áður. Afli var mjög tregur en mikið af þorski og ýsu í könnunum. Ekki eru gerðar tillögur um hámarksafli fyrir Breiðafjörð og Kolluál á árinu 1989 en mælt með að leyfa þar aðeins veiðar á tímabilinu apríl-júní eins og verið hefur.

Rækjustofninn í **Arnarfirði** og aflí á sóknareiningu er vaxandi (54. mynd) og árgangurinn frá 1984 er enn mjög áberandi. Annar sterkur árgangur (1985) hefur einnig bæst við og er mjög óvanalegt að upp komi tveir sterkir rækjuárgangar í röð í Arnarfirði. Þessir árgangar

verða þriggja og fjögurra ára veturinn 1988-89. Lagt er til að hámarksafli verði 600 tonn veturinn 1988-1989. Sennilega mun rækju af eldri árganginum fækka verulega við veiðarnar 1988-89 og er reiknað með að leyfilegur hámarksafli veturinn 1989-90 minnki talsvert frá vetrinum áður.



54. mynd. RÆKJA. Afli á sóknareiningu á grunnslóð 1967-1987 (1988 bráðabirgðatölur).

Fig. 54. PANDALUS. CPUE of Pandalus 1969-1987 (1988 preliminary) in inshore waters.

Í Ísafjarðardjúpi er gert ráð fyrir að rækjustofninn og afli á sóknareiningu (54. mynd) fari vaxandi einkum veturinn 1990-1991 þegar hinn afar sterki árgangur frá 1987 kemur að fullu inn í veiðarnar (tafla 21.42). Talsvert af þessum árgangi mun óhjákvæmilega veiðast sem árgömul rækja veturinn 1988-89, og er nauðsynlegt er að reyna að forðast það eftir megni. Talsverðar vonir eru bundnar við notkun leggþoka í þessu skyni en notkun hans hefur í för með sér meiri opnun á möskvum í þoka. Af sterku árgöngunum sem getið var um í síðustu skýrslu um ástand nytjastofna hefur einungis annar (1985) reynst góður og verður enn áberandi sem þriggja ára rækja veturinn 1988-89. Nú sýnist hins vegar að 1984 árgangurinn hafi verið talsvert fyrir neðan meðallag. Vegna smárækjunnar er lagt er til að farið verði varlega í Ísafjarðardjúpi fyrst um sinn og að hámarksafli verði 2.200 tonn veturinn 1988-89.

Meðalþyngd og fjöldi kynþroska rækju eftir aldri á árunum 1969-1987 eru sýnd í töflum 21.39 og 21.40, stærðardreifing í afla í töflu 21.41 og veiðidánartölur í töflu 21.43.

Rækjustofninn í Húnaflóa og afli á sóknareiningu er nú ört vaxandi eftir mikla lægð 1986 og 1987 (54. mynd). Haustið 1987 kom fram nýr sterkur árgangur frá 1986 til viðbótar 1985 árganginum sem raunar er tæpast eins stór og hann virtist í upphafi. Lagt er til að hámarksafli verði 1.800 tonn veturinn 1988-89.

Tillögur um hámarksafli rækju á grunnslóð veturinn 1988-1989 eru sýndar í töflu 10. Ráðgert er að kanna innfjarðasvæðin áður en vetrarvertíð 1988-1989 hefst. Að þeim könnunum loknum verða tillögur um hámarksafli endurskoðaðar ef niðurstöður gefa tilefni til.

TAFLA 10

Rækja. Tillögur um hámarksafla (tonn).
Pandalus. Recommended TAC (tonnes).

Svæði <i>Area</i>	Veturinn 1988/1989 <i>Winter 1988/1989</i>
Eldey *	
Breiðafjörður **	
Arnarfjörður	600
Ísafjarðardjúp	2200
Húnaflói	1800

* Ráðgjöf frestað. *Advice deferred.*

** Veiðar aðeins leyfðar á tímabilinu apríl-júní 1989. *Season limited to April-June 1989.*

17.3. Úthafsækja


Hér við land eru nokkrir stofnar úthafsækju. Kemur það m.a. fram í því, að kynskipti verða við mismunandi stærð rækjunnar eftir svæðum, sem bendir einnig til lítils samgangs rækju af fjarliggjandi miðum (Hafrannsóknir, 36. hefti).

Svæðin frá **Norðurkanti** að **Grímsey** eiga sér um 10 ára veiðisögu enda þótt aflinn hafi verið fremur lítill fram til 1983 er hann komst í rúm 6 þús. tonn. Árin 1984 og 1985 veiddust rúmlega 12 þús. tonn á þessum svæðum, um 17 þús. tonn árið 1986 og tæp 25 þús. árið 1987 (tafla 20.16) sem er 44% aukning frá 1986.

Afli á sóknareiningu, sem talinn er ein vísbending um ástand dýrastofna í sjó, var um og yfir 150 kg á Norðurmiðum þegar veiðar hófust en minnkaði síðan mjög ört. Tiltölulega litlar breytingar hafa orðið á stærð hinna hefðbundnu veiðisvæða, **Norðurkantur-Grímsey** árin 1985 og 1986. Veiðisvæðin á Norðurkanti og við Kolbeinsey stækkuðu hins vegar dálítið til norðurs árið 1987. Afli á sóknareiningu hefur verið nokkuð stöðugur á svæðinu Norðurkantur-Grímsey frá því árið 1983 eða 85-93 kg. Afli á sóknareiningu hefur nú minnkað úr 93 í 78 kg á þessum miðum þrátt fyrir fyrrgreinda stækkun þeirra (55. mynd). Meðalstærð rækju var svipuð árið 1987 og 1986, (tafla 21.42). Það er athyglisvert að smæsta rækjan hefur ávallt verið við Grímsey allt frá því árið 1970 en þá var meðalstærðin þar 274 stk/kg.

Rækjuveiðar norðaustanlands hófust í smáum stíl 1984, á svæðinu frá **Sléttugrunni** að **Héraðsdjúpi**, en þá veiddust þarna tæp 1.900 tonn og kom nær allur aflinn úr Héraðsdjúpi. Gífurleg aflaukning varð síðan á þessum miðum árið 1986 eða í rúm 10 þús. tonn, og var þetta bæði vegna aukins afla í Héraðsdjúpi en þó sérstaklega á nýjum veiðisvæðum út af **Sléttu** og í **Langanesdjúpi**. Um 2/3 hlutar aukins rækjuaflla á djúpslóð árið 1986 varð á þessum nýju miðum.

Á nýju svæðunum út af Norðausturlandi var mikill afli á sóknareiningu 1986 eða 133-178 kg (55. mynd). Þetta er nær tvöfalt miðað við svæðin vestan Sléttugrunns. Eins og spáð var (Hafrannsóknir, 36.hefti) hefur afli á sóknareiningu minnkað í 106 kg í ár. Líklegt má telja að afli á sóknareiningu muni enn minnka við Sléttugrunn og í Langanesdjúpi. Meðalstærð rækju hefur einnig minnkað talsvert, einkum í Héraðsdjúpi og Langanesdjúpi. Töluverðar breytingar eru á afla af hinum ýmsu svæðum. Þannig hefur afli við Sléttugrunn aukist úr 2.800 tonnum árið 1986 í 3.600 tonn 1987 en á móti hefur afli úr Langanesdjúpi minnkað úr 4.200 tonnum í 1.300 tonn á sama tíma. Afli á sóknareiningu hefur minnkað mjög bæði við Sléttugrunn og í Langanesdjúpi en hins vegar aukist í Héraðsdjúpi.



55. mynd. RÆKJA. Afli á sóknareiningu á helstu úthafs-rækjussvæðunum 1974-1987

Fig. 55. PANDALUS. CPUE of Pandalus 1974-1987 in offshore areas.

Ný mið hafa nú bæst við austur af **Tangaflaki**. Enn er ekki vitað hve mikið munar um þessa viðbót en hún léttir þó væntanlega eitthvað sóknina á eldri svæðin.

Í **Kolluál** er afli á sóknareiningu mjög lítill og hefur minnkað úr 86 í 50 kg frá 1986 til 1987. Allt bendir til þess að afli á sóknareiningu verði enn minni árið 1988. Bersýnilegt er að svæðið þolir ekki þá sókn sem þar hefur verið seinustu þrjú til fjögur árin.

Niðurstöður um ástand úthafs-rækjustofnanna árið 1988 liggja enn ekki fyrir. Stofnmælingar voru gerðar í fyrsta sinn sumarið 1987. Mælingarnar 1988 hefjast í júlí og munu standa u.þ.b. tvo mánuði. Að þeim loknum og með hliðsjón af upplýsingum um veiðisvæði, afla og sókn verður gerð úttekt á stöðu úthafs-rækjustofnanna og settar fram tillögur um hámarksafli fyrir árið 1989.

18. Hvalir

18.1. Hvalveiðar og rannsóknir árin 1987 og 1988

Árið 1986 urðu þáttaskil í hvalveiðum hér við land þegar ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um alsherjarstöðvun hvalveiða í atvinnuskyni árin 1986-1990 gekk í gildi. Jafnframt ákváðu íslensk stjórnvöld að efna til hvalveiða í vísindaskyni árin 1986-1989 í samræmi við áætlun stofnunarinnar um gagngert átak í hvalrannsóknum og heimildarákvæði þar að lútandi í stofnsáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins. Sem kunnugt er miðast rannsóknirnar við að efla þekkingu á ástandi og veiðipoli hvalastofna við Ísland og að kanna þátt stórra og smárra hvala í lífkerfi hafsvæðisins hér við land.

Í samræmi við rannsóknáætlunina og samstarfssamning við Hval hf. voru leyfðar tilraunaveiðar á 80 langreyðum sumarið 1987, en í samræmi við samkomulag íslenskra og bandarískra stjórnvalda voru aðeins leyfðar veiðar á 20 sandreyðum í stað 40 árið 1986. Veiðar og rannsóknir við stöðina í Hvalfirði stóðu yfir á tímabilinu 16. júní til 27. september og voru Hvalur 8 og Hvalur 9 notaðir til veiðanna. Hlé var gert á veiðum dagana 20. júlí til 16. september.

Veidarnar 1988 hófust 22. júní og var enn á ný gert samkomulag íslenskra og bandarískra stjórnvalda um minnkun veiðipáttar rannsóknáætlunarinnar og aðeins leyfðar veiðar á 68 langreyðum og 10 sandreyðum. Hvaða áhrif þetta kann að hafa á niðurstöður rannsókna á langreyði er of snemmt um að segja, en ljóst er að með þessari litlu veiði verður aðeins unnt að sinna hluta þeirra rannsókna á sandreyði sem fyrirhugaðar voru.

Samkvæmt upphaflegri áætlun stofnunarinnar um hvalrannsóknir er einnig gert ráð fyrir auknum hrefnurannsóknum og takmörkuðum veiðum í því skyni. Engin leyfi hafa þó ennþá verið gefin til þessara veiða.

Fjöldi veiddra hvala við Ísland á árunum 1952-1987 er sýndur í töflu 20.18.

18.2. Hvalatalningar 1986 og 1987

Fyrir forgöngu Íslendinga og í samvinnu nokkurra þjóða fór fram viðtæk hvalatalning á Norður Atlantshafi sumarið 1987 (North Atlantic Sightings Survey 1987, NASS-87). Notuð voru 8 skip á djúpslóð, en flugvélar nær landi þar sem fyrst og fremst var reynt að telja hrefnur. Hafrannsóknastofnunin lagði til þrjú skip í 5 vikur, en stjórnvöld í Noregi, Spáni og Færeyjum lögðu einnig til skip á sama tíma. Ísland, Noregur og Danmörk lögðu til flugvélar til talninganna. Nokkrir vísindamenn frá Bandaríkjunum, Japan og Bretlandi tóku þátt í rannsóknum þessum og sérstakur styrkur fékkst til verkefnisins frá norrænu ráðherranefndinni.

Við skipulagningu leiðangursins var þess vandlega gætt að vanda vel til allra þeirra þátta, sem áhrif gætu haft á árangur rannsókna. Leitað var eftir tilviljunarbundnum leitarlínum, til þess að fá marktæka mynd af öllu hafsvæðinu. Athuganirnar fólust m.a. í talningu og tegundagreiningu hvalanna, skráningu horna, vegalengda og staðsetningar dýranna og þessir þættir lagðir til grundvallar útreikningum á fjölda hvernar tegundar á talningarsvæðinu.

Með talningunum fengust yfirgripsmiklar upplýsingar um hvalagengd í Norðaustur Atlantshafi, en rannsóknasvæðið náði frá ströndum Vestur Grænlands að vesturströnd Noregs og frá hafsvæðinu í Barentshafi og við Svalbarða í norðri allt suður að ströndum Spánar. Íslensku skipin fóru yfir stærsta svæðið, þ.e. norðvestur af landinu að ísröndinni, norður og austur fyrir land allt að Jan Mayen, um hefðbundna stórhvalaslóð vestan við landið, Grænlandshaf og austurströnd Grænlands allt suður fyrir Hvarf, og um hafsvæðið suður og suðaustur af landinu, allt að Færeyjum og suður undir Bretlandseyjar og Rockall.

Í talningu Hafrannsóknastofnunarinnar af skipum sáust liðlega 5.700 hvalir, smáir og stórir. Helstu niðurstöður aðrar voru þessar:

18.2.1. Langreyður

Íslenska talningarsvæðið náði til nær alls sumarútbreiðslusvæðis langreyðarstofnsins við Austur Grænland og Ísland. Af íslensku talningarskipunum sáust alls 445 langreyðar. Reiknaður fjöldi dýra á þessu svæði var tæplega 5.800 hvalir. Að viðbættu bráðabirgðamati frá norsku talningarskipi á svæðinu í kringum Jan Mayen, sem er hluti útbreiðslusvæðis þessa stofns, er áætlaður fjöldi langreyða um 6.500 hvalir. Þessi fjöldi er nærri merkinganiðurstöðum frá árunum 1979-84.

18.2.2. Sandreyður

Eins og búast mátti við voru sandreyðar ekki gengnar inn á talningarsvæðið þegar talningar hófust í lok júní, enda miðaðist skipulag allt fyrst og fremst við að mæla stofnstærð langreyðar. Undir lok leiðangurs sáust þó 60 dýr, sem samsvarar nálægt 1.200 hvöllum á

talningarsvæðinu, ef allt er reiknað með. Tekið skal fram, að þetta er væntanlega einungis hluti sandreyðarstofnsins. Sumarið 1989 eru hins vegar fyrirhugaðar endurteknar talningar, sem beinast munu að þessari tegund.

18.2.3. Aðrar stórhvalategundir

Aðeins 40 **steypireyðar** sáust, en það svarar til innan við 1.000 dýra á talningarsvæðinu. Þó ekki sé enn vitað hve markviss talningin var, virðist stofn steypireyðar hér við land ennþá fjarri því sem hann var fyrir aldamótin, meðan stórtækar veiðar áttu sér stað.

Öðru máli gegndi um **hnúfubak**, sem sennilega er í mestum mæli hér við land í júní og júlí. Alls sáust 143 dýr, langmest á hefðbundinni stórhvalasóð vestur af landinu. Jafnframt sáust hnúfubakar norðaustur af landinu og út af Austfjörðum. Á þessu svæði voru samkvæmt niðurstöðum talninganna tæplega 2.000 hvalir.

